

PISA

prófverkefni

LESSKILNINGUR

Dæmi um spurningar sem notaðar eru í PISA prófum. Þessi verkefni eru dæmigerð fyrir verkefnin sem notuð eru til að meta lesskilning í PISA.

Efnisyfirlit

Um lesskilningsverkefni PISA.....	3
Flokkun spurninga	4
R040: Tjad vatn	8
R077: Flensa	13
R081: Veggjakrot.....	19
R088: Vinnuafll	23
R099: Plan International	28
R100: Lögreglan	32
R110: Íþróttaskór	36
R119: Gjöfin	41
R216: Amanda og hertogaynjan	51
R234: Starfsmenn	59
R236: Nýjar reglur	61
TAFLA 1: Hlutfall réttra svara eftir löndum.....	63

Um lesskilningsverkefni PISA

Í þessu riti er að finna safn prófspurninga sem voru samdar fyrir PISA prófið árin 2000, 2003 og 2006. Þetta eru spurningar sem hafa verið gefnar út af OECD sem dæmi um prófspurningar PISA. Sambærilegt rit er gefið út fyrir Lesskilning, Stærðfræði og Náttúrufræði.



Fyrstu prófspurningarnar voru samdar árin 1997 og 1998 og **forprófuð** árið 1999 fyrir fyrstu PISA rannsóknina árið 2000. Spurningarnar sem birtar eru hér eru frá PISA 2000 eingöngu en þá var aðallega metinn lesskilningur. Flestar þeirra voru eingöngu forprófaðar en ekki valdar í aðalprófið en þó eru einnig nokkrar sem notaðar voru í aðalprófinu.

Hér eru birt 11 verkefni með samtals 47 spurningum sem eru meðal þeirra verkefna sem þróuð voru til að meta lesskilning í PISA. Þær eru birtar hér til að sýna aðferðafræði og nálgun PISA að ólíkum færnisviðum og undirfögum lesskilnings, uppbyggingu spurninganna og svarform sem notuð eru.

Spurningarnar eru birtar í einingum eða verkefnum. Hvert verkefni samanstendur af kynningartexta, einni eða fleiri spurningum úr kynningartextanum og fyrir hverja spurningu er svarlykill. Í prófinu sjálfu er verkefnunum raðað í prófhefti án svarlyklanna. Svarlyklarnir eru notaðir í yfirferð og stigagjöf eftir prófið.



OECD hefur **höfundaréttur** á öllum spurningunum sem hér eru birtar. Spurningum um þær skal beint til Námsmatsstofnunar sem sér um framkvæmd PISA á Íslandi.

Í töflunni hér fyrir neðan eru birtar upplýsingar um einkenni spurninganna. Þær eru flokkaðar eftir þeim undirþáttum sem þeim er ætlað að meta, tegund, uppbyggingu og samhengi textans og svarformi:

Undirþættir eru þrír samkvæmt kenningaramma PISA um lesskilning. Þeir eru:

- Endurheimt upplýsinga
- Túlkun og skilningur
- Íhugun og mat

Sjö *tegundir texta* eru skilgreindar:

- Frásögn
- Lýsing/útskýring
- Skoðun/viðhorf
- Töflur
- Myndrit/skýringarmynd
- Fyrirmæli/leiðbeiningar*
- Eyðublöð*

**Í þessu riti eru ekki dæmi um þessar tegundir texta*

Textar eru ýmist samfelldir eða ósamfelldir að *uppbyggingu*.

Samhengi textans er flokkað:

- Einstaklingurinn
- Almennigur
- Starf
- Nám

Svarform spurninga er í grófum dráttum þrenns konar: Fjölval, samsett fjölval, stutt svör og opnar spurningar.

Nánari upplýsingar um kenningaramma PISA um lesskilning er í ritunum *Alþjóðlega PISA prófið – Kynning* sem gefið er út af Menntasviði Reykjavíkur 2009 og *A Framework for Assessing Scientific, Reading and Mathematical Literacy* sem gefið er út af OECD 2006. Bæði ritin eru aðgengileg á vef Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html.

Flokkun spurninga

Númer spurn.	Verkefni	Undirpáttur	Tegund texta	Uppbygging texta	Samhengi texta	Svarform
R040S02	Tjad vatn	Endurheimt upplýsinga	Myndrit	Ósamfelldur	Almenningur	Fjölval
R040S03A	Tjad vatn	Endurheimt upplýsinga	Myndrit	Ósamfelldur	Almenningur	Stutt svar
R040S03B	Tjad vatn	Íhugun/mat	Myndrit	Ósamfelldur	Almenningur	Opin spurning
R040S04	Tjad vatn	Túlkun/skilningur	Myndrit	Ósamfelldur	Almenningur	Fjölval
R040S06	Tjad vatn	Túlkun/skilningur	Myndrit	Ósamfelldur	Almenningur	Fjölval
R077S02	Flensa	Endurheimt upplýsinga	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Starf	Fjölval
R077S03	Flensa	Íhugun/mat	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Starf	Opin spurning
R077S04	Flensa	Túlkun/skilningur	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Starf	Fjölval
R077S05	Flensa	Íhugun/mat	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Starf	Opin spurning
R077S06	Flensa	Túlkun/skilningur	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Starf	Fjölval
R081S01	Veggjakrot	Túlkun/skilningur	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Almenningur	Fjölval
R081S02	Veggjakrot	Túlkun/skilningur	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Almenningur	Opin spurning

Númer spurn.	Verkefni	Undirþáttur	Tegund texta	Uppbygging texta	Samhengi texta	Svarform
R081S05	Veggjakrot	Túlkun/skilningur	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Almenningur	Opin spurning
R081S06A	Veggjakrot	Íhugun/mat	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Almenningur	Opin spurning
R081S06B	Veggjakrot	Íhugun/mat	Skoðun/viðhorf	Samfelldur	Almenningur	Opin spurning
R088S01	Vinnuafli	Túlkun/skilningur	Myndrit/skýringarmynd	Ósamfelldur	Menntun	Fjölval
R088S03	Vinnuafli	Endurheimt upplýsinga	Myndrit/skýringarmynd	Ósamfelldur	Menntun	Stutt svar
R088S04	Vinnuafli	Túlkun/skilningur	Myndrit/skýringarmynd	Ósamfelldur	Menntun	Samsett fjölval
R088S05	Vinnuafli	Íhugun/mat	Myndrit/skýringarmynd	Ósamfelldur	Menntun	Samsett fjölval
R088S07	Vinnuafli	Íhugun/mat	Myndrit/skýringarmynd	Ósamfelldur	Menntun	Fjölval
R099S02	Plan International	Túlkun/skilningur	Töflur	Ósamfelldur	Almenningur	Fjölval
R099S03	Plan International	Túlkun/skilningur	Töflur	Ósamfelldur	Almenningur	Samsett fjölval
R099S04	Plan International	Íhugun/mat	Töflur	Ósamfelldur	Almenningur	Opin spurning
R100S04	Lögregla	Endurheimt upplýsinga	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Fjölval
R100S05	Lögregla	Túlkun/skilningur	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Fjölval


Númer spurn.	Verkefni	Undirþáttur	Tegund texta	Uppbygging texta	Samhengi texta	Svarform
R100S06	Lögregla	Túlkun/skilningur	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Fjölval
R100S07	Lögregla	Túlkun/skilningur	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Fjölval
R110S01	Íþróttaskór	Túlkun/skilningur	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Fjölval
R110S04	Íþróttaskór	Endurheimt upplýsinga	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Stutt svar
R110S05	Íþróttaskór	Endurheimt upplýsinga	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Stutt svar
R110S06	Íþróttaskór	Íhugun/mat	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Menntun	Fjölval
R119S01	Gjöfin	Túlkun/skilningur	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Fjölval
R119S04	Gjöfin	Túlkun/skilningur	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Fjölval
R119S05	Gjöfin	Íhugun/mat	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Opin spurning
R119S06	Gjöfin	Endurheimt upplýsinga	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Fjölval
R119S07	Gjöfin	Túlkun/skilningur	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Opin spurning
R119S08	Gjöfin	Túlkun/skilningur	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Opin spurning
R119S09	Gjöfin	Íhugun/mat	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Opin spurning

Númer spurn.	Verkefni	Undirþáttur	Tegund texta	Uppbygging texta	Samhengi texta	Svarform
R216S01	Amanda og hertogaynjan	Túlkun/skilningur	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Fjölval
R216S02	Amanda og hertogaynjan	Íhugun/mat	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Stutt svar
R216S03	Amanda og hertogaynjan	Túlkun/skilningur	Töflur	Ósamfelldur	Einstaklingurinn	Stutt svar
R216S04	Amanda og hertogaynjan	Íhugun/mat	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Stutt svar
R216S06	Amanda og hertogaynjan	Túlkun/skilningur	Frásögn	Samfelldur	Einstaklingurinn	Fjölval
R234S01	Starfsmenn	Endurheimt upplýsinga	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Starf	Opin spurning
R234S02	Starfsmenn	Endurheimt upplýsinga	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Starf	Fjölval
R236S01	Nýjar reglur	Túlkun/skilningur	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Almenningur	Stutt svar
R236S02	Nýjar reglur	Túlkun/skilningur	Lýsing/útskýring	Samfelldur	Almenningur	Opin spurning


R040: TJADVATN

Mynd 1 sýnir breytingar á vatnshæð í Tsjadvatni í Sahara í Norður-Afríku. Tsjadvatn hvarf alveg í kringum árið 20.000 f.Kr., á síðustu ísöld. Um 11.000 f.Kr. myndaðist það aftur. Núna er vatnshæðin svipuð og hún var árið 1000 e.Kr.

Mynd 2 sýnir klettamyndir í Sahara og breytingar á dýralífi.¹



Mynd 1



Mynd 2

¹ Heimild: *Past Worlds: The Times Atlas of Archaeology*, Times Books Limited, 1988.

Notaðu upplýsingarnar um Tsjadvatn á síðunni hér á móti til að svara eftirfarandi spurningum.

Spurning 2: TJADVATN

Hvað er Tsjadvatn djúpt núna?

- A Um það bil tveir metrar.
- B Um það bil fimmtán metrar.
- C Um það bil fimmtíu metrar.
- D Það er alveg horfið.
- E Þessar upplýsingar koma ekki fram.

TJADVATN STIGAGJÖF 2

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að samþætta upplýsingar úr texta og línuriti.

Stig 1: A Um það bil tveir metrar.

Stig 0: Annað.

Spurning 3A: TJADVATN

Hvert er upphafsárið í línuritinu  mynd 1?

TJADVATN STIGAGJÖF 3A

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að finna upplýsingar sem byggja á vangaveltum um val höfundar.

Stig 1: 11000 f.Kr. (eða nálgun milli 10500 og 11500).

- 11000
- 11000 f.Kr.
- 10500 f.Kr.

Stig 0: Annað

Spurning 3B: TJADVATN

Hvers vegna var þetta ár valið sem upphafsárið á línuritinu?

TJADVATN STIGAGJÖF 3B

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að álykta um ástæðu fyrir vali höfundar.

Stig 1: Nefnir að vatnið hafið myndast aftur árið 11000 f.Kr.

- Tsjadvatn myndaðist aftur árið 11000 f.Kr. eftir að hafa horfið alveg í kringum 20000 f.Kr.
- Vatnið hvarf á ísöldinni og myndaðist aftur um þetta leyti.
- Þá myndaðist það aftur.
- Um 11000 f.Kr. kom það aftur.

Stig 0: Annað

- Á þessum tíma fóru dýr að birtast.
- 11000 f.Kr. er sá tími þegar menn fóru að gera klettamyndir.
- 11000 f.Kr. er sá tími þegar vatnið myndaðist (fyrst).

Spurning 4: TJADVATN

Mynd 2 byggist á þeirri forsendu að:

- A dýrin á klettamyndunum hafi verið á svæðinu þegar þær voru teiknaðar.
- B listamennirnir sem teiknuðu dýrin hafi verið mjög færir.
- C listamennirnir sem teiknuðu dýrin hafi getað ferðast víða.
- D engar tilraunir hafi verið gerðar til að temja dýrin sem sjást á klettamyndunum.

TJADVATN STIGAGJÖF 4

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina hugsunina sem liggur til grundvallar myndinni.

Stig 1: A dýrin á klettamyndunum hafi verið á svæðinu þegar þær voru teiknaðar.

Stig 0: Annað.

Spurning 6: TJADVATN

Til þess að svara þessari spurningu verður þú að draga saman upplýsingar af mynd 1 og mynd 2.

Nashyrningar, flóðhestar og úruxar hættu að koma fram á klettamyndum í Sahara:

- A við upphaf síðustu ísaldar.
- B á miðju því tímabili þegar vatnsborð Tsjadvatnsins var sem hæst.
- C eftir að yfirborð Tsjadvatns hafði farið lækkandi í meira en þúsund ár.
- D í upphafi samfellds þurrkatíma.

TJADVATN STIGAGJÖF 6

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að samþætta upplýsingar sem koma úr tveimur ósamfelldum textum.

Stig 1: C eftir að yfirborð Tsjadvatns hafði farið lækkandi í meira en þúsund ár.

Stig 0: Annað.


R077: FLENSA

Agnes Magnúsdóttir starfsmannastjóri hjá ACOL útbjó upplýsingablöðin á næstu tveimur síðum fyrir starfsfólk ACOL. Lesið upplýsingablöðin til að svara spurningunum sem á eftir fylgja.

BÓLUSETNINGAR GEGN FLENSU HJÁ ACOL

Eins og þið eflaust vitið getur flensa breiðst víða og hratt út á veturna. Fórnarlömb hennar geta verið veik vikum saman.

Besta aðferðin við að berjast gegn veirunni er að hafa heilbrigðan og hraustan líkama. Mælt er með daglegum líkamsæfingum og mataræði sem inniheldur nóg af ávöxtum og grænmeti




til að hjálpa ónæmiskerfinu að berjast gegn innrásarveirunni.

ACOL hefur ákveðið að bjóða starfsfólkinu bólusetningu gegn flensunni sem er ein aðferð til viðbótar til að hindra að þessi lúmska veira breiðist út á meðal okkar. ACOL hefur fengið hjúkrunarfræðing til að bólusetja og verður hann/hún við hálfan daginn á minnutíma vikuna sem hefst 17. september. Bólusetningin er ókeypis og býðst öllu starfsfólki.

Þátttaka er frjáls. Starfsmenn sem þiggja bólusetninguna verða beðnir að undirrita eyðublað þar sem fram kemur að þeir hafi ekki ofnæmi fyrir neinu og að þeir séu meðvitaðir um að þeir geti fengið minniháttar aukaverkanir.

Samkvæmt upplýsingum lækna veldur bólusetningin ekki flensu. Hins vegar getur hún valdið aukaverkunum eins og þreytu, vægum hita og eymslum í handlegg.



HVERJIR ÆTTU AÐ FÁ BÓLUSETNINGU?

Allir sem hafa áhuga á því að fá vernd gegn **vírusinum**. 

Sérstaklega er mælt með þessari bólusetningu fyrir fólk eldra en 65 ára. En burtséð frá aldri ættu ALLIR sem hafa langvinna sjúkdóma, sérstaklega í hjarta, lungum, lungnapípum eða eru með sykursýki, að notfæra sér bólusetninguna.

Í skrifstofumhverfi eiga ALLIR starfsmenn á hættu að veikjast af flensu.

HVERJIR ÆTTU EKKI AÐ FÁ BÓLUSETNINGU?

Einstaklingar sem eru ofurnæmir fyrir eggjum, fólk með bráða hitasótt og óléttar konur.

Ráðfærðu þig við lækni ef þú ert á einhverjum lyfjum eða hefur áður fengið ofnæmissvörun við flensusprautu.



Ef þú vilt fá bólusetningu í vikunni sem hefst **17.** september skaltu láta starfsmannastjórnann, Agnesi Magnúsdóttur, vita fyrir föstudaginn 7. september. Dagur og stund verða ákveðin í samræmi við tíma hjúkrunarfræðingsins, fjölda þátttakenda og þann tíma sem hentar flestum starfsmönnum. Ef þú vilt fá bólusetningu fyrir þennan vetur en getur ekki mætt á tilsettum tíma skaltu láta Agnesi vita. Hægt er að skipuleggja aðra tíma ef næg þátttaka fæst. 

Nánari upplýsingar fást hjá Agnesi í innanhússíma **5577**.

*Njótið
góðrar heilsu*

Spurning 2: FLENSA

Hvert eftirtalinna atriði **stendur til boða** í bólusetningaráætlun ACOL gegn flensu?



- A Haldnir verða leikfimitímar daglega yfir veturinn.
- B Bólusetning fer fram á vinnutíma.
- C Þátttakendur fá örlítinn bónus.
- D Læknir mun sjá um að sprauta þátttakendur.

FLENSA STIGAGJÖF 2

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að renna í gegnum textann til að finna upplýsingar sem gefnar eru á skýran hátt.

Stig 1: B Bólusetning fer fram á vinnutíma.

Stig 0: Annað.

Spurning 3: FLENSA

Agnes vildi hafa þetta upplýsingablað með vingjarnlegum og uppörvandi stíl.

Finnst þér að henni hafi tekist það? Rökstyddu svar þitt með því að vísa í einstök atriði varðandi **útlitshönnun, myndir, umbrot eða ritstíl á upplýsingablaðinu.**



FLENSA STIGAGJÖF 3

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina atriðin sem samræma stíllinn markmiði textans.

Flokkið svör á eftirfarandi hátt:

- a: Vísar rétt í textann og setur stíl í samhengi við tilgang, í samræmi við „vingjarnlegt og uppörvandi“. Bendir kannski á tiltekin orð, setningar eða textaatriði eins og fyrirsagnir og myndir EÐA kemur með almennari umsögn um gerð textans eða stíl. Skoðun getur komið beint fram eða þannig að draga megi ályktun um hana.
- Nei, það var slæm hugmynd að setja mynd af sprautu í upphafi textans. Það er ógnvekjandi.
 - Já, myndirnar brjóta upp textann og auðvelda lesturinn.
 - Nei, myndirnar eru barnalegar og efninu óviðkomandi.
 - Já, ritstíllinn er afslappaður og óformlegur.
 - Það er of mikill texti. Fólk myndi ekki nenna að lesa hann.

- Hún þrýstir ekki á um að fólk láti sprauta sig og það ætti að hvetja fólk.

b: Vísar rétt í textann en svarar frekar með tilliti til upplýsinga og innihalds en stíls.

- Nei, það er útilokað að tilkynning um að láta sprauta fólk geti verið vingjarnleg og uppörvandi.
- Hún leggur fram rök með og á móti því að láta sprauta sig svo að maður geti gert upp hug sinn sjálfur.

Stig 1: a eða b

Stig 0: Gefur upp skoðun án rökstuðnings eða með ónógum, óljósum, óviðkomandi eða röngum útskýringum.

- Já, það lætur þetta hljóma eins og það væri góð hugmynd.
- Já, það er vingjarnlegt og uppörvandi.
- Nei, þetta virkar ekki.
- Já, allir ættu að láta sprauta sig.
- Nei, ritstíllinn er mjög formlegur.
- Já, því hún vill að fólk hafi áhyggjur af því að geta fengið flensuna.
- Nei, myndirnar hafa ekkert með boðskapinn að gera.

Spurning 4: FLENSA



Þetta upplýsingablað gefur í skyn að ef maður vill verja sig gegn flensuveirunni sé bólusetning:

- A áhrifaríkari en líkamsæfingar og hollt mataræði, en áhættusamari.
- B góð hugmynd, en komi ekki í staðinn fyrir líkamsæfingar og hollt mataræði.
- C jafn áhrifarík og líkamsæfingar og hollt mataræði og ekki jafn fyrirhafnarmikil.
- D ekki þessi virði að hugleiða hana ef maður stundar nægilegar líkamsæfingar og borðar hollan mat.



FLENSA STIGAGJÖF 4

MARKMIÐ SPURNINGAR: Samþætta nokkra hluta textans.

Stig 1: B góð hugmynd, en komi ekki í staðinn fyrir líkamsæfingar og hollt mataræði.

Stig 0: Annað.

Spurning 5: FLENSA

Á upplýsingablaðinu stendur:

HVERJIR ÆTTU AÐ FÁ BÓLUSETNINGU?

Allir sem hafa áhuga á því að fá vernd gegn **vírusinum**.

Eftir að Agnes hafði dreift upplýsingablaðinu benti samstarfsmaður hennar á að hún hefði átt að sleppa orðunum „Allir sem hafa áhuga á því að fá vernd gegn **vírusinum**” af því að þau væru villandi. 

Ertu sammála því að það hefði átt að sleppa þessum orðum?

Útskýrðu svar þitt.

FLENSA STIGAGJÖF 5

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að meta hversu hluti texta er viðeigandi miðað við merkingu og markmið textans í heild.

Flokkið svör á eftirfarandi hátt:

- a: Kemur auga á hugsanlega mótsögn. Gefur til kynna að setningin geti verið villandi af því að sumt fólk ætti ekki að fá bólusetninguna af heilsufars-ástandum. Getur lagt til að setningunni verði sleppt eða haldið.
- Taka hana út, af því að það væri hættulegt fyrir sumt fólk að fá bólusetninguna (t.d. óléttar konur).
 - Halda henni, því maður þarf bara að lesa tvær línur í viðbót til að gera sér grein fyrir því að sumt fólk ætti ekki að fá sprautuna og almennt séð vill Agnes að fólk fái hana.
 - Halda henni, en það ætti að breyta henni svona: „Allir sem hafa áhuga á því að fá vernd gegn vírusinum, nema fólk í áhættuhópum (sjá hér að neðan)”.
- b: Gefur til kynna að staðhæfingin sé ýkjur af því að það hafa ekki allir þörf fyrir bólusetningu. Getur lagt til að setningunni verði sleppt eða haldið.
- Sleppa henni, af því að bólusetningin er engin trygging fyrir því að maður fái ekki flensu.
 - Halda henni, jafnvel þótt hún gefi til kynna að maður fái örugglega flensu ef maður fær ekki sprautuna.
 - Sleppa henni af því að það eru ekki allir sem fá flensu, sérstaklega ef maður er vel á sig kominn og heilbrigður.

- c: Segir að um sé að ræða mögulega mótsögn en útskýrir ekki hver hún er.
- Maður skilur hvers vegna hún setti þessa fyrirsögn, til að hvetja fólk, en sennilega ætti hún ekki að vera þarna af því að hún er ekki rétt.
- d: Gefur til kynna að staðhæfingin sé sterk, áhrifarík og/eða hvetjandi án þess að nefna hugsanlega mótsögn eða villandi atriði.
- Það var gott að setja hana þarna, af því að hún virkar hvetjandi á fólk.
 - Hún ætti að vera þarna af því að hún vekur athygli á skilaboðunum.
- Stig 2: a EÐA b.
- Stig 1: c EÐA d.
- Stig 0: Svarar út í hött eða óljóst, eða endurtekur „villandi” án rökstuðnings.
- Halda henni, hún er góð.
 - Það hefði átt að setja aðra mynd þarna í staðinn fyrir fyrirsögnina.
 - Já, þessi setning er villandi og gæti valdið vandræðum.

Spurning 6: FLENSA

Hver þessara starfsmanna ætti, samkvæmt upplýsingablaðinu, að hafa samband við Agnesi?

- A Stefán í versluninni, sem vill ekki láta bólusetja sig af því að hann vill frekar reiða sig á náttúrulegt ónæmi sitt.
- B Júlía í söludeildinni, sem vill fá að vita hvort það sé skylda að láta bólusetja sig.
- C Anna í póstdældinni, sem vildi gjarnan fá bólusetningu í vetur en á von á barni eftir tvo mánuði.
- D Mikael í bókhaldinu, sem vill láta bólusetja sig en verður í frí vikuna sem hefst 17. september.

FLENSA STIGAGJÖF 6

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að nota nokkrar viðmiðanir sem koma fyrir í texta á önnur dæmi.

- Stig 1: D Mikael í bókhaldinu, sem vill láta bólusetja sig en verður í frí vikuna sem hefst 17. september.

- Stig 0: Annað.

R081: VEGGJAKROT

Ég er sjóðandi ill nú þegar búið er að þrifa og mála skólavegginn fjórum sinnum til að losna við veggjakrot. Sköpunargleði er aðdáunarverð en fólk ætti að finna leiðir til að tjá sig **sem íþyngja ekki þjóðfélaginu með aukakostnaði.** 

Til hvers að skemma orðstír unga fólksins með því að krotu á vegg þar sem það er bannað? Atvinnulistamenn hengja ekki málverkin sín upp úti á götu, eða hvað? Þess í stað leita þeir fjármögnunar og verða frægir með því að sýna á löglegan hátt.

Að mínu mati eru hús, grindverk og garðbekkir listmunir í sjálfu sér. Það er ömurlegt að skemma þessa **byggingarlist**  með veggjakroti og það sem meira er: aðferðin eyðir ósónlaginu. Ég skil ekki af hverju þessir **bráðu**  listamenn eru að hafa fyrir þessu þar sem „listaverk“  þetta eru bara fjarlægð aftur og aftur.

Helga

 Það er ekki hægt að útskýra smekk manna. Samfélagið **er fullt af boðskiptum** og auglýsingum. Fyrirtækjamerki, nöfn á verslunum. Stór yfirpyrmandi plaköt við vegkantana. Er þetta ásættanlegt? Já, í flestum tilfellum. Er veggjakrot ásættanlegt? Sumir segja já, aðrir nei.

Hver er það sem geldur fyrir veggjakrotið? Hver er það sem borgar fyrir auglýsingarnar á endanum? Alveg rétt. Neytandinn.

Hafa þeir sem settu upp auglýsingaskiltin beðið þig um leyfi? Nei. Eiga þá þeir sem stunda veggjakrot að gera það? Er þetta ekki allt bara spurning um boðskipti — þitt eigið nafn, nöfnin á klíkum og stór listaverk á götunum?

Hugsðu um röndóttu og köflóttu fötin sem komu í búið fyrir nokkrum árum. Og skíðafötin. Mynstrin og litirnir voru stolin beint af **flúruðum steinveggjum.**  Það er bráðfyndið að þessi mynstur og litir hljóta viðurkenningu og aðdáun en veggjakrot sem gert er í sama stíl þykir hræðilegt.

Þetta eru erfiðir tímar fyrir listina.

Soffía

Bréfin tvö á síðunni hér á undan koma af Internetinu. Notið þau til að svara spurningunum hér að neðan.

Spurning 1: VEGGJAKROT

Tilgangur þessara bréfa er að:

- A útskýra hvað veggjakrot er.
- B setja fram skoðun á veggjakroti.
- C sýna fram á vinsældir veggjakrots.
- D segja fólki hve miklu er eytt í að fjarlægja veggjakrot.

VEGGJAKROT STIGAGJÖF 1

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina tilgang textans.

Stig 1: B setja fram skoðun á veggjakroti.

Stig 0: Annað.

Spurning 2: VEGGJAKROT

Helga nefnir kostnað við að fjarlægja veggjakrot af veggjum og grindverkum.

Hvaða annars konar „kostnað“ nefnir Helga?

VEGGJAKROT STIGAGJÖF 2

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að móta túlkun

Stig 1: Bendir á einhvern kostnað sem nefndur er í textanum

- Hún talar um umhverfiskostnað.
- Hún segir að það kosti ungt fólk orðstírinn.
- Hún telur að önnur listaverk séu skemmd og það er kostnaður.
- Það skemmir listaverk eins og til dæmis hús.

Stig 0: Nefnir aftur sams konar kostnað og nefndur er í spurningunni.

- Það er mjög dýrt að losna við málningu af veggjum.

EÐA: Vísar til kostnaðar sem ekki er nefndur í textanum.

- Það kostar tíma og fé að fást við skemmdarvargana.

EÐA: Gefur óljóst eða óviðeigandi svar.

- Kostnaðinum við listiðju þeirra er sóað þegar málað er yfir veggjakrotið.
- Kostnaður samfélagsins.

Spurning 5: VEGGJAKROT

Af hverju minnst Soffia á auglýsingar?

VEGGJAKROT STIGAGJÖF 5

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að álykta um ætluð tengsl.

Stig 1: Kemur auga á tengsl milli veggjakrots og auglýsinga.

- Til að sýna okkur að auglýsingar séu alveg jafn yfirgnæfandi og veggjakrot.
- Af því að sumum finnast auglýsingar alveg jafn ljótar og málverk gerð með úðabrusum.
- Hún heldur því fram að auglýsingar séu bara löglegt form veggjakrots.

Stig 0: Annað.

- Hún er að lýsa veggjakrotinu.
- Af því að fólk krotar á þær.

Spurning 6A: VEGGJAKROT

Hvorum bréfitaranum ert þú sammála? Rökstyddu svar þitt og notaðu þín eigin orð til að vísa til þess sem sagt er í öðru eða báðum bréfunum.

VEGGJAKROT STIGAGJÖF 6A

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að réttlæta eigin skoðun.

Stig 1: Útskýring á þeirri afstöðu sem tekin er byggist á trúverðugri túlkun á öllu lestrarefninu eða hluta þess.

- Ég er sammála Helgu. Veggjakrot er ólöglegt og þá er það skemmdarstarfsemi.
- Soffiu. Mér finnst það vera hræsni að sekta veggjakrotslistamenn og græða svo milljónir á því að stæla mynstrin þeirra.
- Að vissu leyti er ég sammála þeim báðum. Það á að vera ólöglegt að mála á veggj á almannafæri en það ætti að veita þessu fólki tækifæri til að gera verk sín einhvers staðar annars staðar.

Stig 0: Rökstyður skoðun sína með beinni tilvitnun (með eða án gæsalappa).

- Helgu, af því að ég er sammála því að fólk ætti að finna leiðir til að tjá sig sem íþyngja ekki þjóðfélaginu með aukakostnaði.

EDA: Setur fram skoðun án beinnar tilvísunar í innihald bréfanna.

- Ég er sammála Helgu.
- Helgu, af því að ég trúi því sem hún segir.

- Báðum, þar sem ég get skilið sjónarmið Helgu. En Soffía hefur líka rétt fyrir sér.

EÐA: Mistúlkar textann eða svarar út í hött.

- Ég er meira sammála Helgu. Soffía virðist ekki vera viss um hvað henni finnst.

Spurning 6B: VEGGJAKROT

Burtséð frá því hvoru bréfinu þú ert sammála, hvor bréfitarinn finnst þér þá hafa skrifað betra bréf? Rökstyddu svar þitt með því að vísa til þess hvernig annað eða bæði bréfin eru skrifuð.

VEGGJAKROT STIGAGJÖF 6B

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að meta gæði bréfanna tveggja.

a: Rökstyður skoðun sína með vísan til gæða annað hvort stíls eða efnis. Vísar rétt til sérstakra þátta í öðru eða báðum bréfum.

- Helga. Hún setur fram heilmörg atriði til umhugsunar og hún nefndi umhverfistjónið sem veggjakrotarar valda, sem ég tel mjög þýðingarmikið.
- Bréf Helgu var áhrifaríkt af því hvernig hún ávarpaði veggjakrotarana beint.

b: Rökstyður skoðun sína með vísan til gæða annað hvort stíls eða efnis. Rökstuðningurinn er með almennu orðalagi og er trúverðugur.

- Mér finnst bréf Helgu vera betra af þessum tveim. Mér fannst bréf Sophiu vera dálítið hlutdrægt.
- Ég tek bréf Soffíu fram yfir af því að hún rökstyður mál sitt miklu betur en Helga.
- Mér fannst Soffía setja fram mjög sterk rök en uppbyggingin á bréfi Helgu var betri.

Stig 1: a eða b.

Stig 0: Dæmir út frá því hvort hann er sammála eða ósammála skoðunum bréfitaranna.

- Helga. Ég er sammála öllu sem hún sagði.

EÐA: Dæmir án nægjanlegs rökstuðnings.

- Bréf Soffíu var betra.

EÐA: Svarar út í hött eða ótrúverðuglega.


- Bréf Helgu er betur skrifað. Hún fjallar um vandamálið skref fyrir skref og á grundvelli þess kemst hún að rökréttri niðurstöðu.

R088: VINNUAFL

Skipuritið hér að neðan sýnir uppbyggingu vinnuafls lands nokkurs eða fólks “á vinnualdri”.
Heildarfólksfjöldinn var í kringum 3,4 milljónir.

Samsetning vinnuafls 31. mars 1995 (x 1000)¹

Heimild: D. Miller, *Form 6 Economics*, ESA Publications, Box 9453, Newmarket, Auckland NZ, p. 64.



Athugasemdir

1. Fólksfjöldi er gefinn í þúsundum (000).
2. Á vinnualdri er frá 15 ára til 65 ára.
3. Þeir sem teljast ekki til vinnuafls eru þeir sem eru ekki að leita sér að starfi eða eru ekki vinnufærir.

Notaðu upplýsingarnar á blaðsíðunni hér á undan um vinnuaflið í landinu til að svara eftirfarandi spurningum.

Spurning 1: VINNUAFL

Í hvaða tvo meginhópa er fólki á vinnualdri skipt?

- A Í þá sem eru í starfi og í atvinnulausa.
- B Í þá sem eru á vinnualdri og ekki á vinnualdri.
- C Í starfsmenn í fullu starfi og starfsmenn í hlutastarfi.
- D Í þá sem teljast til vinnuafls og þá sem teljast ekki til vinnuafls.

VINNUAFL STIGAGJÖF 1

Tilgangur spurningar: BU: að skilja skipulagningu upplýsinga.

1 stig: D Í þá sem teljast til vinnuafls og þá sem teljast ekki til vinnuafls.

0 stig: Annað.

Spurning 3: VINNUAFL

Hversu margar manneskjur á vinnualdri töldust ekki til vinnuafls?

VINNUAFL STIGAGJÖF 3

Tilgangur spurningar: DI: Að sameina tvennskonar upplýsingar ("fjöldi gefinn í þúsundum" og töluna í kassanum)

2 stig: Sameinar töluna/fjöldann í skipuritinu og þúsundin: 949,900 eða því sem næst. Svara má bæði í tölustöfum og orðum.

- 949,900
- næstum því milljón
- rétt tæplega níuhundruð og fimmtíu þúsund
- 950,000

1 stig: Finnur réttu töluna í skipuritinu en gleymir að taka tillit til þúsundanna. Gefur svarið 949.9 eða því sem næst. Svara má bæði í tölustöfum og orðum.

- 949.9
- næstum því þúsund
- rétt tæplega 950

0 stig: Annað.

- 9499
- 35.8%

Spurning 4: VINNUAFL

Hvaða hluta skipuritsins, ef einhverjum, myndi fólkið sem talið er upp í töflunni tilheyra?

Svaraðu með því að krossa við réttan reit í töflunni.

Búið er að krossa við þann fyrsta fyrir þig.

	„Hluti vinnuafls í starfi“	„Hluti vinnuafls atvinnu laus“	„Telst ekki til vinnu afls“	„Tilheyrir engum hluta“
Þjónn í hlutastarfi, 35 ára	☒	☐	☐	☐
Kaupsýslukona, 43 ára, sem vinnur 60 klst. á viku	☐	☐	☐	☐
Námsmaður í fullu námi, 21 árs	☐	☐	☐	☐
Leikari, 25 ára, sem hefur nýlokið við að leika í kvikmynd og er að leita að vinnu	☐	☐	☐	☐
Kona, 55 ára, sem hefur aldrei sótt vinnu utan heimilis eða sóst eftir því.	☐	☐	☐	☐
Áttæð amma sem enn vinnur nokkra tíma á dag í verslun fjölskyldunnar	☐	☐	☐	☐

VINNUAFL STIGAGJÖF 4

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að beita upplýsingum úr ákveðnum texta á önnur dæmi

	„Hluti vinnuafis í starfi“	„Hluti vinnuafis atvinnu laus“	„Telst ekki til vinnu afis“	„Tilheyrir engum hluta“
Þjónn í hlutastarfi, 35 ára	☒			
Kaupsýslukona, 43 ára, sem vinnur 60 klst. á viku	☒			
Námsmaður í fullu námi, 21 árs			☒	
Leikari, 25 ára, sem hefur nýlokið við að leika í kvikmynd og er að leita að vinnu		☒		
Kona, 55 ára, sem hefur aldrei sótt vinnu utan heimilis eða sóst eftir því.			☒	
Áttæð amma sem enn vinnur nokkra tíma á dag í verslun fjölskyldunnar				☒

2 stig: 5 rétt svör

1 stig: 3 eða 4 rétt svör

0 stig: 2 eða færri rétt svör

Spurning 5: VINNUAFL

Gefum okkur að þessar upplýsingar um vinnuafli væru settar fram í svona skipuriti á hverju ári.

Hér að neðan eru taldir upp fjórir þættir í skipuritinu. Sýndu hvort þú telur að þessir þættir muni breytast frá ári til árs eða ekki, með því að draga hring utan um "breytast" eða "breytast ekki". Búið er að draga fyrsta hringinn fyrir þig.

Breytast / Breytast ekki	Merkingarnar á hverjum kassa (t.d. "Vinnuafi").
Breytast / Breytast ekki	Hlutföllin (t.d. "64.2%").
Breytast / Breytast ekki	Fjöldinn (t.d. "2656.5").
Breytast / Breytast ekki	Athugasemdirnar fyrir neðan myndina.

VINNUAFL STIGAGJÖF 5

MARKMIÐ SPURNINGAR: Skilningur á eðli undirstöðuatriða í skýringamynd

Breytast ekki	Merkingarnar á hverjum kassa (t.d. "Vinnuafi").
Breytast	Hlutföllin (t.d. "64.2%").
Breytast	Fjöldinn (t.d. "2656.5").
Breytast ekki	Athugasemdirnar fyrir neðan myndina.

1 stig: 3 rétt

0 stig: 2 eða færri rétt

Spurning 7: VINNUAFL

Upplýsingarnar um uppbyggingu vinnuafilsins eru settar fram sem skipurit en það hefði verið hægt að gera á það marga aðra vegu, t.d. í rituðu máli, í skífuriti, í línuriti eða töflu.

Skipuritið var væntanlega valið því það hentar vel til að sýna

- A breytingu á milli ára.
- B stærð heildarfólksfjölda landsins.
- C undirflokkun innan hvers hóps.
- D stærð hvers hóps.

VINNUAFL STIGAGJÖF 7

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina kosti ákveðinnar framsetningar í tengslum við tilgang og innihald.

1 stig: C undirflokkun innan hvers hóps.

0 stig: Annað.

R099: PLAN INTERNATIONAL

PLAN International, niðurstöður fjárhagsáætlunar 1996

Svæði : Austur- og Suður-Afríka

RESA

Að þroskast heilbrigður



Heilsugæslustöðvar byggðar (4 herbergi eða færri).

Sjúkraliðar sem hafa fengið eins dags þjálfun

Börn sem hafa fengið í meira en eina viku.

Börn sem hafa fengið fjárhagsaðstoð vegna læknis/tannlæknis meðferðar.

EGYPTALAND	ERÍÓPÍA	KENYA	MALAVÍ	SÚÐAN	TANSANIA	UGANDA	SAMBÍA	SIMBABVE	ALLS
1	0	6	0	7	1	2	0	9	26
1053	0	719	0	425	1003	20	80	1085	4385
10195	0	2240	2400	0	0	0	0	251402	266237
984	0	396	0	305	0	581	0	17	2283

Menntun



Kennarar sem hafa fengið þjálfun í eina viku.

Æfingabækur fyrir skóla keyptar / fengnar að gjöf.

Kennslubækur fyrir skóla keyptar / fengnar að gjöf.

Skólabúningar keyptir / búnir til / fengnir að gjöf.

Börn sem hafa fengið hjálp vegna skólagjalda / námsstyrkir.

Skólaborð smíðuð / keypt / fengin að gjöf.

Varanlegar skólastofur byggðar.

Viðgerðir á skólastofum.

Lestrarkennsla fyrir fullorðna á þessu fjárhagsári.

0	0	367	0	970	115	565	0	303	2320
667	0	0	41200	0	69106	0	150	0	111123
0	0	45650	9600	1182	8769	7285	150	58387	131023
8897	0	5761	0	2000	6040	0	0	434	23132
12321	0	1598	0	154	0	0	0	2014	16087
3200	0	3689	250	1564	1725	1794	0	4109	16331
44	0	50	8	93	31	45	0	82	353
0	0	34	0	0	14	0	0	33	81
1160	0	3000	568	3617	0	0	0	350	8695

Híbýli



Kamrar eða vatnssalerni grafin / byggð.

Hús tengd við ný skolpræsikerfi.

Brunnar grafnir / endurbýggðir.

Nýir brunnar grafnir (með árangri).

Sett upp sjálfrennandi drykkjarvatnskerfi.

Drykkjarvatnskerfi viðgerð / endurbætt.

Gert við hús á kostnað PLAN verkefnis.

Nýir bústaðir byggðir fyrir styrkþega.

Samkomusalir byggðir eða lagaðir.

Ráðamenn samfélags þjálfaðir í einn dag eða meira.

Kílómetrar vega endurbættir.

Brýr byggðar.

Fjölskyldur sem högnuðust á jarðvegsbindingu.

Hús nýlega tengd við rafveitu.

50	0	2403	0	57	162	23	96	4311	7102
143	0	0	0	0	0	0	0	0	143
0	0	15	0	7	13	0	0	159	194
0	0	8	93	14	0	27	0	220	362
0	0	28	0	1	0	0	0	0	29
0	0	392	0	2	0	0	0	31	425
265	0	520	0	0	0	1	0	2	788
225	0	596	0	0	2	6	0	313	1142
2	0	2	0	3	0	3	0	2	12
2214	95	3522	232	200	3575	814	20	2693	13365
1.2	0	26	0	0	0	0	0	53.4	80.6
0	0	4	2	11	0	0	0	1	18
0	0	1092	0	1500	0	0	0	18405	20997
448	0	2	0	0	0	0	0	44	494

Heimild: Úr PLAN International: Tafla með samantekt á niðurstöðum fjárhagsáætlunar 1996, viðauki við ársfjórðungskýrslu til Alþjóðaráðsins, 1. ársfjórðungur 1997.

Taflan á blaðsíðunni hér að framan er hluti af skýrslu sem „PLAN International“¹, alþjóðleg hjálparstofnun gefur út. Þar er að finna upplýsingar um vinnu PLAN á einu svæði (Austur- og Suður-Afríku). Styðstu við þessa töflu til að svara eftirfarandi spurningum.

Spurning 2: PLAN INTERNATIONAL

Hvar tekur PLAN þátt í flestum tegundum framkvæmda samkvæmt töflunni?

- A Í Sambíu.
- B Í Malaví.
- C Í Kenýu.
- D Í Tansaníu.

PLAN INTERNATIONAL STIGAGJÖF 2

MARKMIÐ SPURNINGAR: að bera saman atriði á lista/finna upplýsingar.

1 stig: C Í Kenýu.

0 stig: Önnur lönd.

Spurning 3: PLAN INTERNATIONAL

Hér að neðan eru talin upp fleiri verkefni sem hjálparstofnanir standa að. Ef þessi verkefni væru talin upp í töflunni, hvaða flokki myndu þau tilheyra? Svараðu með því að setja kross í viðeigandi reit.

Búið er að krossa við fyrsta verkefnið.

	Heilsufar	Menntun	Híbýli
Almenningssímar settir upp	☐	☐	☒
Börn bólusett	☐	☐	☐
Fræðsla fyrir mæður um ungabarnafæði	☐	☐	☐
Sólarraforkuver byggt	☐	☐	☐

PLAN INTERNATIONAL STIGAGJÖF 3

MARKMIÐ SPURNINGAR: að nota skilgreiningar í tilteknum texta á önnur atriði.

	Heilsufar	Menntun	Híbýli
Almenningssímar settir upp	☐	☐	☒
Börn bóluset	☒	☐	☐
Fræðsla fyrir mæður um ungabarnafæði	☒	☐	☐
Sólarraforkuver byggt	☐	☐	☒

1 stig: 3 rétt.

0 stig: 2 eða færri rétt.

Spurning 4A: PLAN INTERNATIONAL

Hvað gefur taflan til kynna um starfsemi PLAN í Eþíópíu samanborið við önnur lönd á þessu svæði?

- A Starfsemin er mikil í Eþíópíu, samanborið við önnur lönd.
- B Starfsemin er lítil í Eþíópíu, samanborið við önnur lönd.
- C Hún er svipuð og í öðrum löndum á þessu svæði.
- D Hún er tiltölulega mikil í flokknum „híbýli“ en lág í öðrum.

PLAN INTERNATIONAL STIGAGJÖF 4A

MARKMIÐ SPURNINGAR: að nota þekkingu sína og reynslu til að mynda tilgátu sem er í samræmi við upplýsingar í töflu.

1 stig: Starfsemin er lítil í Eþíópíu, samanborið við önnur lönd.

0 stig: Annað

Spurning 4B: PLAN INTERNATIONAL

Hvað heldur þú að geti skýrt umfang starfsemi PLAN í Eþíópíu samanborið við starfsemina í öðrum löndum?

PLAN INTERNATIONAL STIGAGJÖF 4B

MARKMIÐ SPURNINGAR: að nota þekkingu sína og reynslu til að mynda tilgátu sem er í samræmi við upplýsingar í töflu

Flokkið svörin á þennan hátt

- a: Nemandinn hefur svarað a) hluta spurningarinnar rétt. Stingur upp á líklegri skýringu á því að starfsemin er minni í Eþíópíu en annars staðar. (Skýringin sjálf þarf ekki að vera rétt.)
- Kannski er erfitt að vera með aðstoð þar því landið er í svo miklu rugli.
 - Af því að það er líklega ekki eins mikil þörf á aðstoð í Eþíópíu og annars staðar.
 - Ef það eru aðrar hjálparstofnanir að vinna í Eþíópíu þá er minna fyrir PLAN að gera.
- b: Nemandinn hefur svarað a) hluta spurningarinnar rétt. Áttar sig á því að starfsemin er minni í Eþíópíu án þess að gefa útskýringu eða líklega útskýringu.
- Starfsemin er ekki eins mikil í Eþíópíu.
 - PLAN gerir næstum ekkert í Eþíópíu.
 - Þeir vita ekki hvernig þeir eiga að aðstoða þar.
 - Þeir ættu að gera meira í Eþíópíu.
- c: Nemandinn hefur svarað a) hluta spurningarinnar rangt. Kemur með líklega skýringu á umfangi starfseminnar eins og hann sagði hana vera í hluta a). (Skýringin sjálf þarf ekki að vera rétt.)
- [Svar við a) hluta: Starfsemin er mikil í Eþíópíu, samanborið við önnur lönd:] Eþíópía er fátækari en önnur lönd á þessu svæði og þarf þ.a.l. meiri aðstoð.
 - [Svar við a) hluta: Hún er svipuð og í öðrum löndum á þessu svæði:] Aðstoðinni er skipt jafnt svo það myndist ekki deilur á milli landa.
- 1 stig: a
- 0 stig: Annað, þar með talið b og c.
- Umfang starfsemi PLAN í Eþíópíu er meira en í öðrum löndum.
 - PLAN gerir jafn mikið í öllum löndum.

R100: Vísindaleg vopn lögreglunnar

Morð hefur verið framið en hinn grunaði neitar öllu. Hann kveðst ekki þekkja fórnarlambið. Hann segir að hann hafi aldrei þekkt það, aldrei komið nálægt því, aldrei snert það... Lögreglan og dómarinn eru sannfærð um að hann segi ekki satt. En hvernig á að sanna það?

Á vettvangi glæpsins hafa rannsóknarmenn safnað sam- öllum mögulegum slitrum af sönnunargögnum: trefjum úr vefnaði, hárum, fingraförum, sigarettustubbum... Hin fáu hár sem fundust á jakka fórnarlambins eru rauð og þau virðast undarlega lík hári hins grunaða. Ef hægt væri að sanna að hárin séu af honum væri það sönnun þess að hann hefði hitt fórnarlambið.

Hver einstaklingur er sérstakur

Sérfræðingar taka til verks. Þeir athuga frumur við rætur hára og nokkrar blóðfrumur hins grunaða. Í kjarna hverrar frumu í líkama okkar er DNA. Hvað er það? DNA (sem er algjörlega ósýnilegt án smásjár!) er eins og hálsfesti,

Ímyndið ykkur að þessar perlur séu í fjórum mismunandi litum og að þúsundir litaðra perla (sem eit- samansten af myndu þju í mjög ákveðinni röð. Í hverjum einstaklingi er þessi röð nákvæmlega sú sama í öllum frumum líkamans: þeim í rötum hársins jafnt og þeim í stórutanni, þeim í lifrinni og þeim í maganum eða blóðinu. En röð perlanna er mismunandi frá einum manni til annars. Miðað við fjölda perlanna sem eru strengdar á þennan hátt, er mjög litill möguleiki á að tvær manneskjur hafi sama DNA, fyrir utan eineggja tvíbura. DNA er einstakt fyrir hvern einstakling og því einhver konar erfðafræðilegt persónuskilríki.

Erfðafræðingar geta því borið skilríki úr blóði

hans) og það sem persónan með rauða hárið ber. Ef erfðafræðiskilríkin eru þau sömu, munu þeir vita að hin grunaði kom sannarlega nálægt fórnarlambinu sem hann sagðist aldrei hafa hitt.

Aðeins eitt sönnunargagn

Lögreglan lætur æ oftara gera erfðafræðirannsóknir í kynferðisafbrotamálum, morðum, þjófnaði og öðrum glæpum. Af hverju? Til að eyna að finna sönnun um samband milli tveggja manna, tveggja hluta eða manns og hlutar. Að sanna slíkt samband er oft mjög gagnlegt fyrir rannsóknina. En það er ekki nauðsynlega sönnun um glæp. Það er aðeins eitt sönnunargagn af mörgum.

Anne Versailles

Við erum gerð úr milljörðum fruma

Sérhver lífvera er gerð úr mörgum frumum. Fruma er svo mjög litill. Einnig má segja að hún sé smá því aðeins er hægt að sjá hana gegnum smásjá sem stækkar hana margfalt. Hver fruma hefur ytri himnu og kjarna þar sem DNA er að finna.


Erfða hvað?

DNA er gert úr nokkrum genum sem hvert um sig er gert úr þúsundum „perla“. Saman mynda þessi gen erfðafræðileg persónuskilríki einstaklingsins.

Hvernig er flett ofan af erfðafræðilegum persónu skilríkjum?

Erfðafræðingurinn tekur nokkrar frumur úr röt hársins sem fannst á fórnarlambinu eða úr munvatni sem er á sigarettu. Hann setur þær í efni sem eyðir öllu í kringum DNA frumurnar. Hann gerir það sama við frumur úr blóði hins grunaða. Umrætt DNA er síðan búið sérstaklega undir greiningu. Því næst er það sett í sérstakt hlaup og rafstraumi hleypt í gegnum hlaupið. Eftir nokkra tíma framkallar þetta rendur líkar stríkamarki (eins og er á öllum hlutum sem við kaupum) sem sjást undir sérstöku ljósi. Stríkamarki í DNA hins grunaða er síðan borið saman við DNA hára sem fundust á fórnarlambinu

Smásjá á rannsóknarstofu lögreglunnar



Styðstu við tímaritsgreinina á blaðsíðunni á undan til þess að svara eftirfarandi spurningum.

Spurning 4: LÖGREGLAN

Til að útskýra byggingu **kjarnsýrunnar**  talar höfundur um perluhálsfesti. Hvernig eru þessar perluhálsfestar mismunandi frá einum einstaklingi til annars?

- A þær eru mislangar.
- B röð perlanna er mismunandi.
- C fjöldi hálsfestanna er mismunandi.
- D litur perlanna er mismunandi.

LÖGREGLAN STIGAGJÖF 4

MARKMIÐ SPURNINGAR: að velja skýrt framsettar upplýsingar.

1 Stig: B röð perlanna er mismunandi.

0 Stig: Annað.

Spurning 5: LÖGREGLAN

 Hver er tilgangur kassans með yfirskriftina „Hvernig er erfðafræðilega persónuskilríkið fundið?“

Til að útskýra

- A hvað **kjarnsýra**  er.
- B hvað strikamerki er.
- C hvernig frumur eru greindar til að finna mynstur í kjarnsýru.
- D hvernig má sanna að **grunaður er sekur um glæp.** 

LÖGREGLAN STIGAGJÖF 5

MARKMIÐ SPURNINGAR: að draga ályktun.

1 Stig: C hvernig frumur eru greindar til að finna mynstur í kjarnsýru.

0 Stig: Annað.

Spurning 6: LÖGREGLAN

Hvert er meginmarkmið höfundarins?

- A að vara við.
- B að skemmta.
- C að upplýsa.
- D að sannfæra.

LÖGREGLAN STIGAGJÖF 6

MARKMIÐ SPURNINGAR: að bera kennsl á almennt markmið.

1 Stig: C að upplýsa.

0 Stig: Annað.

Spurning 7: LÖGREGLAN

„En hvernig á að sanna það?“ (línur 15-16). Í þessum kafla er reynt að finna svar við þessari spurningu með því að:

- A yfirheyra vitni.
- B gera erfðagreiningar.
- C yfirheyra grunaða rækilega 
- D yfirfara allar niðurstöður rannsóknarinnar aftur.

LÖGREGLAN STIGAGJÖF 7


MARKMIÐ SPURNINGAR: að draga ályktun

1 Stig: B gera erfðagreiningar.

0 Stig: Annað.

R110: ÍÞRÓTTASKÓR

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í HLAUPASKÓNUM ÞÍNUM



Íþróttalæknisfræðimiðstöðin í Lyon hefur í 14 ár rannsakað meiðsl ungra íþróttamanna og atvinnumanna í íþróttum. Rannsóknin hefur sýnt að besta stefnan séu forvarnir ... og góðir skór. 

Högg, föll, slit og rif...

Átján prósent leikmanna á aldrinum 8 til 12 ára hafa þegar hlotið meiðsli á hæl. Brjóskið í ökkla

5

knattspyrnumanns bregst ekki vel við höggum og

25% atvinnumanna

komast að því að það er mjög viðkvæmur staður.

10

Brjóskið í hinum viðkvæma hnjálið getur einnig orðið fyrir óbætanlegum skaða og ef ekki er að gætt allt frá barnæsku (10-12 ára)

15

getur það valdið slitgigt fyrir aldur fram. Mjóðmin sleppur heldur ekki við

skaða og leikmaður hættir

20

á beinbrot sem afleiðingu af falli eða samstuði, sérstaklega ef hann er þreyttur.

Samkvæmt rannsókninni

25

fá knattspyrnumenn, sem hafa leikið í meira en tíu ár, beinútvöxt annað hvort á sköflungnum eða á hælum. Þetta er þekkt

30 sem „knattspyrnumanns-fótur“, afmyndun sem orsakast af skóm sem hafa of sveigjanlegan sóla og ökklastykki.

35 Verja, styðja, veita stöðugleika, deyfa högg

Ef skór er of stífur, hamlar hann hreyfingu. Ef hann er of sveigjanlegur, eykur

40 hann líkur á meiðslum og tognunum. Góður íþróttaskór ætti að uppfylla

fjögur skilyrði: Í fyrsta lagi verður hann

45 að veita ytri vörn: verja fyrir höggum frá boltanum eða öðrum leikmanni, ráða við ójöfnur í undirlagi og halda fætinum heitum og

50 þurrum þrátt fyrir kulda og rigningu.

Hann verður að styðja við fótinn, sérstaklega

55 ökklaðiðinn, til að koma í veg fyrir tognanir, bólgur og önnur vandamál, sem gætu jafnvel haft áhrif á

hnéð. Hann verður einnig að veita leikmanninum góðan stöðugleika.

60

Leikmaðurinn má ekki renna á blautri jörð eða skrika fótur á velli sem er of þurr. Að lokum verður hann að deyfa högg, sérstaklega þau högg sem blak- og körfuboltamenn þurfa að pola vegna þess hve þeir stökkva mikið.

65

70 Þurrir fætur

Til að forðast smáa en sársaukafulla kvilla, eins og blöðrur eða jafnvel sár eða íþróttamannsfrót

75

(sveppasýkingar), verður skórinn að leyfa uppgufun og útgufun og koma í veg fyrir að utanaðkomandi raki komist inn. Besta efnið

80

að þessu leyti er leður, en það er hægt að vatnsverja til að skórinn gegnblotni ekki í fyrstu rigningu.

Heimild: *Revue ID* (16), 1-15 júní 1997.

Greinin á síðunni hér á undan styðst við niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var af Íþróttalæknisfræðimiðstöðinni í Lyon (Frakklandi) á 14 árum. Notið greinina til að svara eftirfarandi spurningum.

Spurning 1: ÍÞRÓTTASKÓR

Hvað ætlar höfundurinn að sýna fram á í textanum?

- A Að gæði á mörgum íþróttaskóm hafa stórlega aukist.
B Að það sé **best** að leika ekki knattspyrnu ef maður er yngri en 12 ára. 
C Að ungt fólk meiðist oftar og oftar vegna lélegs líkamsástands.
D Að það sé mjög mikilvægt fyrir unga knattspyrnumenn að nota góða íþróttaskó.

ÍÞRÓTTASKÓR STIGAGJÖF 1

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að skilja textann í heild.

1 stig: D Að það sé mjög mikilvægt fyrir unga knattspyrnumenn að nota góða íþróttaskó.

0 stig: Önnur svör.

Spurning 4: ÍÞRÓTTASKÓR

Af hverju ættu sólarnir á íþróttaskóm ekki að vera of stífir, samkvæmt greininni?

ÍÞRÓTTASKÓR STIGAGJÖF 4

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að velja upplýsingar sem koma skýrt fram í textanum.

1 stig: Segir að maður geti ekki hreyft sig almennilega í skóm með of stífum sólum.

- Þeir hamla hreyfingu.
- Þeir hindra mann í því að hlaupa / hreyfa sig / stunda íþróttir auðveldlega.

0 stig: Óljóst, ónákvæmt eða óviðkomandi svar.

- Til að forðast meiðsl.
- Þeir styðja ekki við fótinn.

Spurning 5: ÍPRÓTTASKÓR

„Góður íþróttaskór ætti að uppfylla fjögur skilyrði:“ (43-44). Hver eru þessi skilyrði?

- 1 _____
- 2 _____
- 3 _____
- 4 _____

ÍPRÓTTASKÓR STIGAGJÖF 5

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að velja upplýsingar sem koma skýrt fram í textanum.

Flokkið svör á eftirfarandi hátt:

- a: Að veita ytri vörn (eða umorðar)
- verja fótinn fyrir utanaðkomandi meiðslum
- b: Að styðja við fótinn (eða umorðar)
- hjálpa til að koma í veg fyrir tognanir og bólgur
- c: Að veita góðan stöðugleika (eða umorðar)
- hindra fótinn í að renna / skrika til.
- d: Að deyfa högg (eða umorðar)
- deyfa höggáhrif af stökkum.
- 1 stig: (Í hvaða röð sem er) abcd
- 0 stig: Önnur svör

Spurning 6: ÍPRÓTTASKÓR

Skoðið þessa setningu sem er í lok greinarinnar. Hún er sýnd hér í tveimur hlutum:

“Til að forðast **smáa** en sársaukafulla kvilla, eins og blöðrur eða jafnvel sár eða íþróttamannsfót (sveppasýkingar),...”  (fyrri hluti)

“...verður skórinn að leyfa uppgufun og útgufun og koma í veg fyrir að utanaðkomandi raki komist inn.” (seinni hluti)

Hver eru tengslin á milli fyrri og seinni hluta setningarinnar?

Seinni hlutinn:

- A stangast á við fyrri hlutann.
- B endurtekur fyrri hlutann.
- C **sýnir fram á** vandann sem nefndur er í fyrri hlutanum. 
- D gefur lausn á vandamálinu sem nefnt er í fyrri hlutanum.

ÍPRÓTTASKÓR STIGAGJÖF 6

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina hvernig mismunandi textahlutar tengjast.

1 stig: D gefur lausn á vandamálinu sem nefnt er í fyrri hlutanum.

0 stig: Önnur svör.

R119: GJÖFIN

Lestu söguna á næstu þremur blaðsíðum og svaraðu spurningunum sem fylgja.

5 Hve marga daga, hugsaði hún, hafði hún setið svona, horft á brúnt, kalt vatnið æða upp og eyða upp bakkanum. Hún mundi ógreinilega upphaf rigningarinnar sem komið hafði frá fenjasvæðunum í suðrinu og lamið húsið hennar utan. Síðan tók fljótið að vaxa, fyrst hægt þangað til að lokum það nam staðar til að snúa aftur. Frá tíma til tíma skreið það eftir lækjarfarvegum og skurðum og hellti sér yfir lág svæði. Um nóttina, á meðan hún svaf, hirti það veginn og umkringdi hana svo að hún sat ein, báturinn hennar farinn, húsið eins og rekald staðsett á hamrinum sínum. Núna náði vatnið jafnvel á tjargaðar stoðirnar. Og enn hækkaði það.

10 Eins langt og augað eygði, að trjátoppunum þar sem hinir árbakkarnir höfðu verið, var fenjasvæðið eins og haf, baðað í þéttum regnskúrum, fljótið týnt einhversstaðar mitt í auðninni. Húsið hennar með skipsbotninum hafði verið byggt til að standa af sér flóð eins og þetta, ef það kæmi einhvern tíma, en nú var það orðið gamalt. Kannski voru borðin neðan á farin að fúna að hluta. Kannski myndi vírin sem festi húsið við stóru eikina losna og láta hana fljóta með straumnum, sömu leið og báturinn hennar hafði farið.

15 Enginn gæti komið núna. Hún gæti kallað en það væri til einskis, enginn heyrði í henni. Vítt og breitt um fenin voru aðrir að berjast við að bjarga því litla sem hægt var, kannski jafnvel lífi sínu. Hún hafði séð heilt hús fljóta framhjá, svo hljóðlega að það minnti hana á jarðarför. Henni fannst þegar hún sá það eins og hún vissi hver ætti það. Það hafði verið slæmt að sjá það fljóta hjá, en eigendurnir hljóta að hafa forðað sér hærra upp. Seinna, þegar regn og myrkur læddist að, heyrði hún hlébarða öskra upp með ánni.

20 Núna fannst henni húsið skjálfa eins og það væri lifandi. Hún teygði sig til að grípa lampa sem var að detta af náttborðinu og setti hann milli fóta sér til að halda honum stöðugum. Nú brakaði og brast í húsinu meðan það losnaði upp úr leðjunni, flaut laust, skoppaði eins og korkur og sveigðist með árstraumnum. Hún greip í rúmgaflinn. Riðandi færðist húsið eins langt og landfestarnar leyfðu. Það kom rykkur og væl í gömlu timbri og svo hlé. Hægt og rólega sleppti straumurinn takinu og leyfði því að renna til baka á hvíldarstað sinn. Hún náði andanum og sat lengi og fann

30 húsið vagga hægt. Myrkrið síaðist niður með linnulausu regninu, og, með höfuðið hvílandi á handleggnum, svaf hún og hélt sér í rúmið.

Einhvern tímann um nóttina vakti öskrið hana, hljóð svo angistarfullt að hún var kominn á fæturna áður en hún var vöknud. Hún rakst á rúmið í myrkrinu. Það kom að utan, frá fljótinu. Hún heyrði eitthvað hreyfast, eitthvað stórt sem gaf frá sér skrapandi, þrusk hljóð. Það gæti verið annað hús. Svo rakst það á, ekki harkalega heldur rann og straukst eftir hlið hússins hennar. Það var tré. Hún hlustaði á greinarnar og laufin strjúkast við húsið og renna með straumnum, skilja einungis rigninguna og gjálfur flóðsins eftir, hljóð svo stöðug núna að þau virtust hluti af þögninni. Samanhniptuð í rúminu var hún næstum sofnuð þegar annað öskur

40 hljómaði, í þetta sinn svo nálægt að það gæti hafa komið frá herberginu. Starandi út í myrkrið lét hún sig síga varlega á rúmið þar til hönd hennar greip um kalt hlaup riffilsins. Samanhniptuð á koddanum, lagði hún riffilinn yfir hnén. "Hver er þarna?" kallaði hún.

45 Svárið var endurtekið öskur, en minna skerandi, frekar þreytulegt, svo læddist tóm þögnin að. Hún dró sig saman í rúminu. Hvað sem þetta var heyrði hún það hreyfast á veröndinni. Það brakaði í plönkunum og hún gat greint hluti detta um koll. Það var klórað í vegginn eins og einhver ætlaði að rífa sér leið í gegn. Núna vissi hún hvað þetta var, stór köttur, sem hafði komið með trénu sem flotið hafði framhjá

húsinu. Hann hafði komið með flóðinu, gjöf.

50 Ómeðvitað þrýsti hún hendinni upp að andlitinu og stífum hálsinum. Ríffillinn vaggði á hnjám hennar. Hún hafði aldrei séð hlébarða á ævi sinni. Hún hafði heyrt um þá af afspurn og heyrt öskur þeirra, eins og þjáningu í fjarska. Kötturinn krafsaði aftur í vegginn, það glamraði í glugganum við hurðina. Svo lengi hún gætti gluggans og hefði köttinn lokaðan inni milli veggjarins og vatnsins, eins og í búi, yrði henni
55 óhætt. Fyrir utan staldraði dýrið við og strauk klóm sínum eftir ryðguðum ytri glugganum. Annað slagið, vældi það og urraði.

Þegar ljósið barst að lokum niður gegnum rigninguna, eins og önnur tegund myrkurs, sat hún ennþá á rúminu, stíf og köld. Handleggir hennar, vanir róðri á ánni, verkjuðu eftir að hafa haldið á rífflinum. Hún hafði varla leyft sér að hreyfa sig vegna
60 ótta við að hvert hljóð myndi gefa kettinum styrk. Stjörf, sveigði hún sig með hreyfingum hússins. Regnið féll ennþá eins og það myndi aldrei stöðvast. Gegnum grátt ljósið, loksins, sá hún flóðið og langt í burtu skýjalaga, drukknandi trjátoppa. Kötturinn hreyfði sig ekki. Kannski var hann farinn. Hún lagði byssuna frá sér, smeygði sér úr rúminu og hreyfði sig hljóðlaust að glugganum. Hann var ennþá
65 þarna, samanhnipraður á verandarjaðrinum og starði á eikina, landfestar hússins hennar, eins og til að mæla möguleikana á því að stökkva upp á slútandi greinina. Hann sýndist ekki eins ógnvekjandi núna þegar hún sá hann, grófur feldur hans ofinn í sprota, hliðar hans krepptar og rifin sjáanleg. Það væri einfalt að skjóta hann þar sem hann sat með langt skottið sveiflandi fram og til baka. Hún var að snúa sér til að
70 ná í byssuna þegar hann sneri sér við. Án viðvörunar, án öskurs eða spennu vöðva, stökk hann á gluggann og braut rúðu. Hún féll aftur á bak, bældi niður öskrið og tók upp ríffilinn, hún skaut út í gegnum rúðuna. Hún sá ekki hlébarðann núna, en hún hafði misst marks. Hann byrjaði að þramma aftur. Hún sá glitta í haus hans og fettuna á baki hans þegar hann fór hjá glugganum.

75 Skjálfandi, fíkraði hún sig að rúminu og lagðist niður. Sefandi, stöðugt hljóðið frá fljótinu og regninu, nístandi kuldinn, dró úr þreki hennar. Hún fylgdist með glugganum og hafði byssuna tilbúna. Eftir langa bið færði hún sig aftur til að gá. Hlébarðinn var sofnaður með höfuðið liggjandi á loppunum, eins og heimilisköttur. Í fyrsta skipti síðan að regnið byrjaði, langaði hana að gráta, yfir sjálfri sér, yfir öllu
80 fólkinu, vegna alls í flóðinu. Hún lagðist í rúmið og vafði rúmteppinu um axlirnar á sér. Hún hefði átt að fara burt á meðan hún gat, meðan vegirnir voru enn opnir eða áður en báturinn hennar skolaðist í burtu. Meðan hún ruggaði fram og aftur með sveigju hússins minnti slæmur stingur í maganum hana á að hún hafði ekkert borðað. Hún mundi ekki hversu lengi. Eins og kötturinn, svalt hún. Hún skaust inn í eldhúsið,
85 kveikti eld með þeim litla við sem eftir var. Ef flóðið varði miklu lengur yrði hún að brenna stólinn, kannski jafnvel borðið sjálft. Hún tók niður leifar reykrar skinku úr loftinu, skar þykkar sneiðar af rauðbrúnu kjötinu og lagði það á steikarpönnu. Lyktinu af steiktu kjötinu kom henni til að svima. Það voru til þurrar kexkökur frá því að hún eldaði síðast og hún gat lagað kaffi. Það var til fullt af vatni.

90 Á meðan að hún eldaði sér mat, gleymdi hún næstum kettinum þar til að hann vældi. Hann var svangur líka. “Leyfðu mér að borða” kallaði hún til hans “og síðan sinni ég þér”. Og hún hló með sjálfri sér. Á meðan að hún hengdi skinkubitann aftur á naglann urraði kötturinn svo dímum drunum að hendur hennar skulfu.

Eftir að hún hafði borðað, fór hún aftur í rúmið og tók upp ríffilinn. Húsið hafði
95 risið svo mikið að það straukst ekki lengur eftir hamrinum þegar það sveiflaðist til eftir fljótinu. Maturinn hafði yljað henni. Hún gat losað sig við köttinn á meðan að ljósið hængi ennþá í regninu. Hún læddist hægt að glugganum. Hann var ennþá þarna, vælandi, byrjaður að hreyfa um veröndina. Hún starði á hann lengi, óhrædd. Svo án þess að hugsa hvað hún var að gera, lagði hún byssuna frá sér og færði sig framhjá
100 rúminu inn í eldhús. Aftan við hana hreyfðist kötturinn, órólegur. Hún tók niður það sem eftir var af skinkunni og gekk eftir óstöðugu gólfinu að glugganum og ýtti henni út um brotinn gluggann. Hinum megin heyrðist hungrað urr og einhvers konar áfall kattarins náði til hennar. Undrandi á gerðum sínum, færði hún sig aftur að rúminu.

105 Hún heyrði hljóðin í hlébarðanum þegar hann reif kjötið í sig. Húsið skalf í kringum hana.

110 Næst þegar hún vaknaði vissi hún strax að allt hafði breyst. Rigningin var hætt. Hún fann fyrir hreyfingum hússins en það vaggaði ekki lengur á flóðinu. Hún opnaði hurðina hægt og sá í gegnum rífið netið breyttan heim. Húsið hvíldi á hamrinum þar sem það hafði alltaf hvílt. Nokkrum metrum neðar rann áin ennþá í stríðum straumum en huldi ekki lengur þess örfáu metra sem skildu að húsið og eikina. Og kötturinn var farinn. Frá veröndinni til eikarinnar og vafalaust áfram niður í fenin lágu spor, óljós og voru þegar farin að hverfa í mjúkum leirnum. Og þarna á veröndinni, nagað innað beini, lágu leifarnar af skinkunni.

Heimild: Louis Dollahide, "The Gift" in *Mississippi Writers: Reflections of Childhood and Youth*, Volume I, edited by Dorothy Abbott, University Press of Mississippi, 1985

Spurning 1: GJÖFIN

Hverjar eru aðstæður konunnar við upphaf sögunnar?

- A Hún er of veikburða til að yfirgefa húsið vegna margra daga sveltis.
- B Hún er að verja sig fyrir villidýri.
- C Húsið hennar er umkringt af vatnsflóði.
- D Fljót í vexti hefur hrifið húsið hennar með sér.

GJÖFIN STIGAGJÖF 1

MARKMIÐ SPURNINGAR: BU: Að greina söguvið sögu

Stig 1: C Húsið hennar er umkringt af vatnsflóði

Stig 0: Önnur svör

Spurning 4: GJÖFIN

Þegar konan segir, "og síðan sinni ég þér" (lína 91 - 92) þýðir það að hún:

- A ætlar að gefa kettinum mat
- B er viss um að kötturinn gerir henni ekkert.
- C er að reyna að hræða köttinn.
- D ætlar sér að skjóta köttinn.

GJÖFIN STIGAGJÖF 4

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina tilgang eða ætlan persónu.

Stig 1: D ætlar sér að skjóta köttinn.

Stig 0: Önnur svör

Spurning 5: GJÖFIN

Finnst þér síðasta setning sögunnar "Gjöfin" vera viðeigandi endir á henni?

Útskýrðu svar þitt með því að vísa til þess hvernig endir sögunnar tengist örðum hlutum hennar.

GJÖFIN STIGAGJÖF 5

MARKMIÐ SPURNINGAR: Meta notkun höfunda á ákveðnu einkenni textans.

Gefið fyrir eftirfarandi

- a: Styður skoðun með trúverðugum rökum sem eru samkvæm textanum, og fer út fyrir ramma bókstaflegrar túlkunar. Tengir síðustu setninguna við innhald sögunnar, t.d., við hlébarðann og/eða beinið (heildarstef) eða það að lifa af.
- Viðeigandi. Jafnvel þó hlébarðinn sé farinn og spor hans þegar farin að dofna, er beinið sterk áminning um návist hans.
 - Já. Beinnið er eins og gjöf, og það er þema sögunnar.
 - Það er ágætur endir að skírskota til hlébarðans.
 - Já. Svínsbeinið minnir okkur á hvað hefði getað komið fyrir konuna.
 - Já. Sagan hefur leitt konunni fyrir sjónir hvað skiptir máli í lífinu og hreinsað, hvítt beinið er tákn um það.
- b: Minnist á stíl eða hljóð setningarinnar, tengir það við síðasta hluta sögunnar. Samband gæti verið tilgreint eða ályktað fúslega.
- Nei, það er of snubbótt miðað við að smáatriði eru tilgreind nákvæmlega í mestum hluta sögunnar.
 - Já, það er mikilvægt að hafa sterkan endi á sögunni.
 - Já, það passar við staðreyndastíl sögunnar.
 - Já, það heldur við hrollvekju sögunnar.
- c: Styður skoðun með sannfærandi réttlætingu sem sýnir fram á bókstaflegan skilning á atburðum sögunnar.
- Nei. Hlutanum varðandi kjötbitann var lokið.
 - Sagan er búin vegna þess að kjötið er búið og þá sagan líka.
 - Já það gefur svar við spurningunni hvort kötturinn át matinn.
 - Já. Núna þegar flóðið er í rénum og dýrið hefur étið kjötið er engin ástæða fyrir köttinn að staldra við.
- Stig 2: a EÐA b
- Stig 1: c
- Stig 0: Önnur svör, þar með talin skoðun án rökstuðnings, eða óljóst, ónákvæmt, óviðkomandi eða ótrúverðugt svar.
- Það er meira en áhrifaríkt. Það er virkilega sláandi.
 - Nei, þetta er ekki góður endir vegna þess að hann segir ekki hvort konan lifði af.
 - Nei. Hann er óviðkomandi sögunni.
 - Nei. Það væri betra að hafa endinn meira spennandi.
 - Hún endar á lýsingu á beininu.

Spurning 6: GJÖFIN

“Nú brakaði og brast í húsinu meðan það losnaði upp úr leðjunni...” (lína 25)

Hvað kom fyrir húsið í þessum hluta sögunnar?

- A Það datt í sundur.
- B Það fór á flot.
- C Það rakst á eikaréð.
- D Það sökk niður á árbotninn.

GJÖFIN STIGAGJÖF 6

MARKMIÐ SPURNINGAR: RI: literal match

Stig 1: B Það fór á flot.

Stig 0: Önnur svör

Spurning 7: GJÖFIN

Hér eru nokkrar fyrstu tilvitnanirnar um hlébarðann í sögunni.

“Einhvern tímann um nóttina vakti öskrið hana, ...” (lína 32)

“Svarið var endurtekið öskur, en minna skerandi, frekar þreytulegt...” (lína 44)

“Hún hafði heyrt um þá af afspurn og heyrt öskur þeirra, eins og þjáningu í fjarska.” (línur 51-52)

Hvers vegna telur þú að höfundurinn hafi valið þessar lýsingar til að kynna hlébarðann til sögunnar?

GJÖFIN STIGAGJÖF 7

MARKMIÐ SPURNINGAR: Sýnir hæfni til að greina blæbrigði í málinu sem litar túlkunina

Gefið fyrir eftirfarandi

- a: Kannast við að lýsingarnar veki samúð OG að hlébarðinn er þess vegna tengdur konunni eða við mannlegar þjáningar; eða gefur áðstæðu fyrir samúðarfullri framkomu konunnar við hlébarðann síðar.
- Hlébarðinn hljómar næstum eins og maður, svo að hann er eins og konan og maður vorkennir þeim báðum.

- Það leiðir manni strax fyrir sjónir að pardusinn er líka fórnarlamb flóðsins.
- Það lítur út fyrir að konan vorkenni dýrinu vegna þess að hún veit hvaða dýr það er.

b: Viðurkennir að lýsingarnar vekja samúð hjá lesandanum.

- Maður fer að vorkenna hlébarðanum.
- Hann hljómar sorgmæddur og þjáður.

c: Viðurkennir að spenna myndast með því að kannast ekki við hlébarðann strax. Áherslan er lögð á dulúð frekar en hugmynd um ótta.

- Það er hrollvekjandi
- Það kynnir hlébarðann hægt til sögunnar.
- Maður veist ekki hvað það er, alveg eins og konan.
- Það er spennandi.

d: Svarar út frá bókstaflegnu stigi, skilur svið og aðstæður rétt.

- Hún myndi taka eftir hljóðunum vegna þess að það var svo mikið myrkur að hún gæti ekki séð það.
- Að heyra í hlébarðanum núna fær hana til að muna að hún hefur heyrt í einum áður.

Stig 2: a EÐA b

Stig 1: c EÐA d

Stig 0: Önnur svör, þar með talin óljós, ónákvæm, ólíkleg eða óviðkomandi svör

- Það gerir allt áhugaverðara.
- Það er sterkt lýsandi málfar.
- Hlébarðinn hljómar hættulegur, líkt eins og hann biði eftir að hremma hana.
- Hún er að segja söguna frá sjónarhól hlébarðans.

Spurning 8: GJÖFIN

Hvað leggur sagan til sem ástæðu fyrir því að konan gefur hlébarðanum að éta?

GJÖFIN STIGAGJÖF 8

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að túlka tilgang persónu

Gefið fyrir eftirfarandi

- a: Greinir samúð eða hluttekningu sem hvöt konunnar.
- Hún vorkenndi honum.
 - Vegna þess að hún þekkti hungurtilfinninguna.
 - Vegna þess að hún er brjóstgóð kona.
 - Til að hjálpa honum að lifa af

- b: Greinir sjálfsvörn sem hvöt konunnar.
- Hún hélt hann færi burtu ef hún gæfi honum að éta.

- c: Greinir ótta sem hvöt konunnar.
- Vegna þess að hún óttaðist hann.

Stig 1: a

- Stig 0: b EÐA c eða önnur svör
- Hún vildi gera hann að gæludýri.
 - Til að vingast við hann.
 - Vegna þess að hún elskaði hann.
 - Hún vissi það ekki.
 - Kemur ekki fram í sögunni.

Spurning 9: GJÖFIN

Hér er hluti samtals milli tveggja persóna sem lesið hafa "Gjöfina"



Gefðu dæmi úr sögunni til að sýna hvernig hvor viðmælandi fyrir sig getur réttlætt skoðun sína.

Mælandi 1 _____

Mælandi 2 _____

GJÖFIN STIGAGJÖF 9

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina rök til stuðnings

Gefið fyrir eftirfarandi

a: Til að svara fyrir mælanda 1: Gefur rök úr sögunni til að styðja hugmyndina um það að konan sé harðbrjósta og illgjörn.

- Hún er illgjörn vegna þess að fyrsta hugsun hennar er að drepa hlébarðann.
- Hún hlær þegar hún hugsar um að drepa köttinn.
- Hún er illgjörn vegna þess að hún læsir köttinn úti.

b: Til að svara fyrir mælanda 2: Gefur rök úr sögunni til að styðja hugmyndina um það að konan sé hjártahlý.

- Hún er gjafmild vegna þess að hún gefur kettinum af matnum sínum.
- Hún gefur honum svínakjöt.
- Þegar hún heyrir fyrst í pardusnum finnst henni hljóðið sorglegt, ekki skelfilegt.

Stig 2: Gefur rök sem styður báða viðmælendur. (a OG b)

Stig 1: Gefur rök sem styður einungis annan viðmælandann (a EÐA b)

Stig 0: Önnur, þar með talin óljós, ónákvæm, ólíkleg eða óviðkomandi svör

R216: AMANDA OG HERTOgayNJAN



Á næstu tveimur síðum eru tveir textar. Texti 1 er **útdráttur** úr leikritinu *Leócadia* eftir Jan Anouilh og Texti 2 gefur nokkrar skilgreiningar á leikhússtörfum. Styðjist við textana til þess að svara spurningunum sem fylgja.

TEXT 1

Útdráttur. Prinsinn sem var ástfanginn af Léocadiu, hefur verið óhuggandi síðan hún dó. Hertogaynjan, frænka hans, hefur fengið unga konu til starfa hjá Réseda systur sem heitir Amanda og er ótrúlega lík Léocadiu. Hertogaynjan vill fá Amöndu til að hjálpa sér að frelsa prinsinn undan þeim minningum sem sækja á hann.

Hér eru nokkrar leiðbeiningar sem höfundurinn gaf í **"ATRÍÐI 2"** í leikritinu.

"Krossgötur á kastalavöllum, hringlaga bekkur kringum lítinn bautastein..." **"Það er komið að kvöldi."**

AMANDA

Ég skil þetta ekki enn. Hvað get ég gert fyrir hann frú? Ég trúi ekki að þú hafir haldið... Og af hverju ég? Ég er ekki sérstaklega falleg.

5 Jafnvel þó einhver væri mjög falleg — hver gæti komið svo skyndilega á milli hans og minninganna?

HERTOGAYNJAN

Engin nema þú.

10 AMANDA, *sannarlega undrandi*
Ég?

THE DUCHESS

1 Fólk er svo heimskt. Það sér bara skruðgöngur, tákn, embættismerki... Þó aldrei hefði átt að segja þér það. En hjarta mitt hefur ekki svikið mig — ég hrópaði næstum upp yfir mig í Réséda systur í fyrsta sinn er ég sá þig. Fyrir þeim sem þekktu Léocadiu í lifanda lífi, ertu spegilmynd hennar.

20 Þögn. Kvöldfuglarnir hafa nú tekið við af fuglum síðdegisins. Vellirnir eru þaktir skuggum og tísti.

AMANDA, mjög blíðlega

25 Ég held enn að ég geti það ekki, frú. Ég á ekkert, ég er ekkert en þessir elskendur... samt var þetta draumur minn, ekki satt?

Hún hefur staðið upp. Hún hefur tekið upp litla ferðatösku eins og hún sé á leið í sumarleyfi.

30 HERTOAGAYNJAN, einnig blíðlega og mjög þreytulega

Auðvitað góða mín. Ég biðst afsökunar.

35 Hún stendur einnig upp, með erfiðismunum, eins og gömul kona. Reiðhjólsbjalla heyrir í kvöldinu; henni bregður.

40 Hlustaðu... það er hann! Sýndu honum þig, hallaðu þér að þessum litla bautasteini þar sem hann hitti hana fyrst. Láttu hann sjá þig, þó aðeins sé í þetta eina skipti, láttu hann kalla eitthvað, fá áhuga á þessari eftirmynd, þessu herbragði sem ég mun játa fyrir honum á morgun og sem hann mun hata mig fyrir — allt annað en þessa látnu stúlku sem tekur hann með sér í burtu frá mér, er ég viss um, einn góðan veðurdag... (hún hefur tekið um handlegg hennar.) Þú gerir það, er það ekki? Ég bið þig auðmjúklega, unga kona. (Hún lítur á hana, biðjandi og bætir fljótt við:) Og þá, á þennan hátt, muntu sjá hann líka. Og... ég finn að ég roðna enn eftir að hafa sagt þetta við þig — lífið er brjálæði! Þetta verður í þriðja skipti á sextíu árum og annað skipti á tíu mínútum — þú sérð hann og ef hann gæti

einhverntímann — af hverju ekki hann, því hann er myndarlegur og heillandi og það hafa verið margir verri — ef hann gæti verið svo heppinn, sjálfs síns vegna og mín vegna, að vera draumur þinn eitt andartak.

60 Bjallan hringir aftur í skugganum, en mjög nærri núna.

AMANDA, *muldrandi*

Hvað ætti ég að segja við hann?

65 HERTOAGAYNJAN, grípur í handlegg hennar

Segðu einfaldlega: "Afsakaðu mig, herra, geturðu vísað mér leiðina til sjávar?"

70 Hún hefur flýtt sér inn í dimmri skugga trjánna. Hún rétt sleppur. Það sést fólleitur skuggi. Það er prinsinn á reiðhjólinu. Hann fer mjög nálægt fölum skugga Amöndu við bautasteininn. Hún muldrar.

AMANDA

75 Afsakaðu mig, herra.

Hann stöðvar, stígur af reiðhjólinu, tekur ofan hattinn og lítur á hana.

PRINSINN

80 Já, ungfrú?

AMANDA

Geturðu vísað mér leiðina til sjávar?

PRINSINN

85 Það er önnur gatan til vinstri, ungfrú.

Hann hneigir sig, dapurlega og kurteislega, stígur aftur á reiðhjólið og hjólar í burtu. Bjallan heyrir aftur í fjarlægð. Hertogaynján kemur út úr skuggunum, ellileg á að líta.

90 AMANDA, blíðlega, eftir smástund
Hann þekkti mig ekki...

HERTOGAYNJAN

Það var myrkt... Hver veit hvaða andlit hún ber í draumum hans? (Hún spyr feimnislega:) Síðasta lestin er farin, unga stúlka. Viltu samt ekki gista í kastalanum í nótt?

AMANDA, með undarlegri röddu

Jú, frú.

100 Það er almyrkt. Þær tvær sjást ekki lengur í skuggunum, og aðeins þytur vindsins heyrir í risastórum trjám garðanna.

TJALDIÐ FELLUR

TEXT 2

Skilgreiningar á nokkrum leikhússtörfum

- **leikari:** leikur persónu á sviði. 
- **leikstjóri:** stjórnar **öllum hliðum** leikritsins. Hann staðsetur ekki aðeins leikarana, skipuleggur innkomu þeirra og útgöngu og stjórnar leik þeirra heldur segir einnig til um hvernig túlka á handritið.
- **klæðskerar, búningahönnuðir:** búa til búninga eftir líkani. 
- **leikmyndahönnuður:** hannar leikmyndir og búninga í líkanaformi. Þessi líkön eru síðan **smíðuð** í stærri útgáfu á vinnustofum. 
- **leikmunastjóri:**  sér um að finna nauðsynlega leikmuni. Orðið **"leikmunir"** á við allt sem hægt er að færa til: stól, bréf, lampi, blómavönd o.s.frv. Leikmyndirnar og búningarnir eru ekki leikmunir.
- **hljóðmaður:** sér um öll hljóð sem nauðsynleg eru fyrir uppsetninguna. Hann stjórnar **því**  á meðan á sýningu stendur.
- **ljósamaður eða lýsingartæknir:**  sér um lýsinguna. Lýsingin er svo margbrotin að velútbúið leikhús getur haft tíu ljósamenn í vinnu. Hann stjórnar **henni**  á meðan á sýningu stendur.

Spurning 1: AMANDA OG HERTOgayNJAN

Um hvað fjallar þessi hluti? 

Hertogaynjan finnur bragð til að

- A fá prinsinn til að koma og hitta hana oftár.
- B fá prinsinn til að ákveða loksins að gifta sig.
- C fá Amöndu til að fá prinsinn til að gleyma sorgum sínum.
- D fá Amöndu til að koma og búa í kastalanum með sér.

AMANDA OG HERTOgayNJAN STIGAGJÖF 1

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að skilja meginefnið.

1 stig: C fá Amöndu til að fá prinsinn til að gleyma sorgum sínum.

0 stig: Annað.

Spurning 2: AMANDA OG HERTOgayNJAN

Í textanum eru leiðbeiningar um hvernig leikararnir eigi að leika hlutverk sín. Hvernig má þekkja þessar leiðbeiningar? 

AMANDA OG HERTOgayNJAN STIGAGJÖF 2

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að greina notkun á einkennum textans.

- 1 stig: Gefur til kynna að það sem er skáletrað bendi til sviðsleiðbeininga. Leyfið lýsingar sem ekki eru tæknilegar.
- Þær eru skáletraðar.
 - Hallandi skrift.
 - Svona: [Ílíkir eftir skáletraða stílum]

0 stig: Annað.

Spurning 3: AMANDA OG HERTOgayNJAN

Hér er tafla yfir leikhústæknimenn sem taka þátt í að setja upp þennan handritshluta. Ljúktu við töfluna með því að skrifa upp eina nákvæma sviðsleiðbeiningu úr TEXTA 1, sem þarfnast þáttöku hvers tæknimanns. Gefðu línunúmerið í textanum (úr línum 1-96) þar sem leiðbeiningin hefst.

Búið er að ljúka við fyrsta atriðið fyrir þig.

Leikhústæknimenn	Sviðsleiðsögn	Línunúmer
leikmyndahönnuður	(kastala) vellir	lína 21-22
leikmunastjóri		
hljóðmaður		
ljósamaður		

AMANDA OG HERTOgayNJAN STIGAGJÖF 3

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að tengja upplýsingar úr tveimur textum

Leikhústæknimenn	Sviðsleiðsögn	Línunúmer
Leikmyndahönnuður	(kastala)vellir	lína 21
leikmunastjóri	ferðataska EÐA	lína 28
	reiðhjól	lína 71 EÐA 76 EÐA 87
hljóðmaður	fuglasöngur EÐA	lína 20 OG/EÐA 21
	tíst EÐA	lína 22
	reiðhjólsbjalla EÐA	lína 35 EÐA 61 EÐA 88
	Vindur	lína 101
ljósamaður	skuggar EÐA	lína 22 EÐA 61 EÐA 71
	fölleitur skuggi EÐA	lína 70-71
	almyrkt	lína 100

Flokkið svör á eftirfarandi hátt:

- a: Ber rétt kennsl á eina sviðsleiðsögn sem leikmunastjórinn fær. (ferðataska eða reiðhjól).
- b: Tengir rétt saman sviðsleiðsögn sem leikmunastjóri fær og línunúmer.
- c: Ber rétt kennsl á eina sviðsleiðsögn sem hljóðmaður fær (fuglasöngur, tíst, reiðhjólabjalla eða vindur).
- d: Tengir rétt saman sviðsleiðsögn sem hljóðmaður fær og línunúmer.
- e: Ber rétt kennsl á eina sviðsleiðsögn sem ljósamaður fær (skuggar, ljós skuggi eða algjört myrkur).
- f: Tengir rétt saman sviðsleiðsögn sem ljósamaður fær og línunúmer.

2 stig: 3 rétt: a,b/ c,d/e,f (þ.e. ein rétt sviðsleiðsögn og ein rétt tenging fyrir hvern tæknimann).

1 stig: 2 rétt: tvö af a,b/c,d/ e,f (þ.e. ein rétt sviðsleiðsögn og ein rétt tenging fyrir hvern tæknimann).


EÐA 1 rétt svar fyrir hvern leikhústæknimann: aðeins a,c,e (þ.e. allar þrjár sviðsleiðsagnir gefnar rétt án línunúmera); eða aðeins b,d,f (þ.e. öll þrjú línunúmer rétt án sviðsleiðsagnar); eða samsvarandi.

0 stig: Annað.

Spurning 4: AMANDA OG HERTOgayNJAN

Leikstjórinn staðsetur leikarana á sviðinu. Á teikningunni sinni táknar hann Amöndu með stafnum A og hertogaynjuna með stafnum H.

Settu A og H á teikninguna hér fyrir neðan til að sýna u.þ.b. hvar Amanda og hertogaynjan eru rétt áður en prinsinn kemur.




AMANDA OG HERTOGAYNJAN STIGAGJÖF 4

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að velja skýrar upplýsingar

1 stig: Hefur sett A við bautasteininn; H fyrir aftan trén eða nærri þeim.

Dæmi um rétt svör:



0 stig: Annað.

Spurning 6: AMANDA OG HERTOGAYNJAN

Amanda segir, "Hann þekkti mig ekki..." (lína 91) Hvað merkir þetta?

- A Að prinsinn leit ekki á hana.
- B Að prinsinn varð ekki ástfanginn af henni. 
- C Að prinsinum varð ekki ljóst að hann hafði þegar hitt hana.
- D Að prinsinn tók ekki eftir að Amanda var lík Leocadíu.

AMANDA OG HERTOGAYNJAN STIGAGJÖF 6

MARKMIÐ SPURNINGAR: Að tengja upplýsingar

1 stig: D Að prinsinn tók ekki eftir að Amanda var lík Leocadíu.

0 stig: Annað.

R234: STARFSMENN

CANCO

Framleiðslufyrirtækið CANCO
Starfsmannadeild

Miðstöð Innri og Ytri Hreyfanleika

Hvað er MIYH?

MIYH merkir Miðstöð Innri og Ytri Hreyfanleika sem er framtak starfsmannadeildarinnar. Nokkrir starfsmenn þessarar deildar vinna í MIYH ásamt starfsfólki úr öðrum deildum og utanaðkomandi starfsráðgjöfum.

 MIYH stendur starfsmönnum til boða til að aðstoða í leit þeirra að öðru starfi innan eða utan Canco framleiðslufyrirtækisins.

Hvað gerir MIYH?

MIYH styður starfsmenn sem eru alvarlega að íhuga annað starf með eftirfarandi aðferðum: 

- **Gagnabanka með störfum**

Eftir viðtal við starfsmanninn eru upplýsingar settar í gagnabanka sem heldur utan um þá  sem eru að leita að starfi og laus störf hjá Canco og öðrum framleiðslufyrirtækjum.

- **Ráðgjöf**

 Möguleikar starfsmannsins eru kannaðir í viðtölum við starfsráðgjafa.

- **Námskeið**

Námskeið eru skipulögð (í samvinnu við  upplýsinga- og þjálfunardeild) sem fjalla um atvinnuleit og starfsframaáætlanir.

- **Áætlanir um að skipta um starfsframa**

MIYH styður og samræmir áætlanir um að hjálpa starfsmönnum að undirbúa sig undir ný  störf og ný viðhorf.

- **Málamiðlun**

 MIYH hefur milligöngu fyrir starfsmenn sem  hóttað uppsögn vegna endurskipulagningar og aðstoðar við að finna nýjar stöður þegar  nauðsynlegt er.

Hvað kostar MIYH?

Greiðsla er ákveðin í samráði við deildina þar sem þú vinnur. Sum þjónusta MIYH er  ókeypis. Þú getur einnig verið beðin(n) um að  borga annaðhvort í peningum eða tíma.

Hvernig starfar MIYH?

MIYH aðstoðar starfsmenn sem eru alvarlega að íhuga annað starf innan eða utan fyrirtækisins.

Ferlið hefst á því að lögð er inn umsókn.

Viðræður við starfsmannaráðgjafa geta einnig verið gagnlegar. Augljóslega ættir þú að tala  við ráðgjafann fyrst um óskir þínar og innri  möguleika varðandi starfsframa þinn.

Ráðgjafinn þekkir hæfni þína og þróun innan  þíns starfshóps.

Sambandi við MIYH er í öllum tilfellum komið á í gegnum starfsmannaráðgjafann.

Hann eða hún höndlar umsóknina fyrir þig,  eftir það er þér boðið til viðræðna við MIYH  fulltrúa. 

Frekari upplýsingar

Starfsmannadeildin getur veitt þér frekari upplýsingar.

Notið tilkynninguna frá starfsmannadeildinni á síðunni hér á undan til að svara eftirfarandi spurningum.

Spurning 1: STARFSMENN



Samkvæmt tilkynningunni, hvar getur þú fengið frekari upplýsingar um MIYH?

STARFSMENN STIGAGJÖF 1

1 stig: Nefnir að minnsta kosti EITT af eftirfarandi:

frá starfsmannadeildinni.

frá starfsráðgjafa.

0 stig: Annað.

Spurning 2: STARFSMENN



Nefnið **two vegu** sem MIYH hefur til að aðstoða fólk sem mun missa vinnuna vegna endurskipulagningar deilda.

STARFSMENN STIGAGJÖF 2

1 stig: Nefnir BÆÐI svörin:

þeir hafa milligöngu fyrir starfsmenn EÐA málamiðlun.

þeir aðstoða við að finna nýjar stöður.

[Ekki samþykkja: „gagnabanki um störf“, „ráðgjöf“, „námskeið“ eða „áætlanir um að skipta um starfsframa“.]

0 stig: Annað.

Ritstjórnargrein

Tæknin skapar þörf á nýjum reglum

VÍSINDIN hafa tilhneigingu til að vera framfarar lögum og siðferði. Það gerðist með áhrifamiklum hætti 1945 með kjarnorkusprengjunni, sem snýr að eyðingu lífsins, og á sér nú stað með tækni til að yfirstíga ófrjósemi mannsins og viðkemur hinni skapandi hlið lífsins.

Flest okkar glöddust með Brown fjölskyldunni í Englandi þegar Louise, fyrsta glasabarnið, fæddist. Og við höfum undrast yfir öðrum nýjungum – nú síðast fæðingu leilbrigðra barna sem voru eitt sinn fósturvísar sem voru frystir til að bíða eftir rétta tímanum til að koma þeim fyrir í hinni verðandi móður.

Það eru tveir slíkir frystir fósturvísar sem valdið hafa miklu lagalegu og siðferðilegu fjaðrafoki í Ástralíu. Fósturvísunum átti að koma fyrir í legi Elsu Rios, eiginkonu Mario Rios. Fyrri aðgerð hafði misheppnast og Rios-hjónin vildu fá annað tækifæri til að verða foreldrar. En áður en þau fengu annað tækifæri fórust Rios-hjónin í flugslysi.

Hvað átti ástralska sjúkrahúsið að gera við frystu fósturvísana? Var hægt að koma þeim fyrir í einhverri annarri? Margar buðu sig fram. Áttu fósturvísarnir tilkall til umtalsverðra eigna Rios-hjónanna? Eða átti að eyða fósturvísunum? Skiljanlega höfðu Rios-hjónin ekki gert ráðstafanir fyrir framtíð fósturvísanna.

Ástralirnir skipuðu nefnd til að athuga málið. Í síðustu viku gaf nefndin út skýrslu. Nefndarmenn sögðu að afþíða ætti fósturvísana því ef fósturvísar væru gefnir öðrum þyrfti að fá samþykki „framleiðendanna“ og ekkert slíkt leyfi hefði fengist. Nefndarmenn héldu því einnig fram að fósturvísarnir í núverandi ástandi hefðu ekkert líf eða réttindi og væri því hægt að eyða þeim.

Nefndarmeðlimir voru meðvitaðir um að þeir voru á hálum ís lagalega og siðferðilega. Þess vegna hvöttu þeir til að þrír mánuðir væru veittir til að almenningur gæti brugðist við ráðleggingum nefndarinnar. Ef upp kæmu hávær mótmæli gegn eyðingu fósturvísanna, myndi nefndin endurskoða málið.

Þör sem nú innritast á Queen Victoria sjúkrahúsið í Sidney í glasafrjógungun verða að tilgreina hvað á að gera við fósturvísana ef eitthvað kemur fyrir þau.

Þetta tryggir að aðstæður svipaðar Rios-hjónanna komi ekki upp aftur. En hvað um aðrar flóknar spurningar? Í Frakklandi varð kona nýlega að fara fyrir rétt til að fá leyfi til að ala barn úr frosnu sæði látins eiginmanns síns. Hvernig á að höndla slíka beiðni? Hvað á að gera ef staðgöngumóðir (kona sem gengur með barn fyrir aðra) riftir barnsburðarsamningi sínum og neitar að láta af hendi ungabarnið sem hún lofaði að ganga með fyrir einhvern annan?

Þjóðfélagi okkar hefur hingað til mistekist að setja fram reglur sem hægt er að beita til að takmarka eyðingarmátt kjarnorkunnar. Við erum að uppskera afleiðingar þessara mistaka sem eru martröð líkastar. Möguleikar á misnotkun á getu vísindamanna til að stuðla að eða hefta fjölgun eru margvíslegir. Siðferðileg og lagaleg mörk þarf að setja áður en við villumst of langt.

Notið ritstjórnargreinina „Tæknin skapar þörf á nýjum reglum“ á síðunni hér á undan til að svara eftirfarandi spurningum.

Spurning 1: NÝJAR REGLUR

Strikaðu undir setninguna sem útskýrir hvað Ástralir gerðu til að ákveða hvernig ætti að fara með frosnu fósturvísana sem tilheyrðu hjónum sem dóu í flugslysi.

NÝJAR REGLUR STIGAGJÖF 1

1 Stig: Stríkar undir EÐA dregur hring um setninguna EÐA hluta af setningu sem inniheldur að minnsta kosti EITT af eftirfarandi:

„skipuðu nefnd“

„þrír mánuðir væru veittir til að almenningur gæti brugðist við ráðleggingum nefndarinnar“

0 Stig: Annað.

Spurning 2: NÝJAR REGLUR

Nefnið tvö dæmi úr ritstjórnargreininni sem lýsa hvernig nútímatækni, eins og sú sem er notuð til að koma fyrir frosnum fósturvísnum, skapar þörf á nýjum reglum.

NÝJAR REGLUR STIGAGJÖF 2

1 Stig: Minnst á a.m.k. TVÖ eftirfarandi atriða:

Þegar Rios-hjónin létust, kom upp ágreiningur um hvað ætti að gera við fósturvísana.

[Ekki samþykkja ágreining í 4. málsgrein (t.d. „Hvað átti sjúkrahúsið að gera við frosnu fósturvísana?“ „Áttu fósturvísarnir tilkall til dánarbúsins?“) nema svarandinn tengi þessar deilur skýrt við dauða fósturvísagjafanna (Rios-hjónanna).]

Kona í Frakklandi varð að fara fyrir rétt til að fá að nota sæði látins eiginmanns síns.

Hverjar ættu reglurnar að vera fyrir staðgöngumóður sem neitar að láta frá sér ungabarnið sem hún ól?

0 Stig: Annað.

Tafla 1: Hlutfall réttra svara eftir löndum

Tafla 1.A. Hlutfall réttra svara eftir löndum í PISA 2000

TEXTI:		R040: Tjad vatn					R077: Flensa					R081: Veggjakrot				
SPURNINGAR:		Sp 2	Sp 3A	Sp 3B	Sp 4	Sp 6	Sp 2	Sp 3	Sp 4	Sp 5	Sp 6	Sp 1	Sp 2	Sp 5	Sp 6A	Sp 6B
		%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
OECD lönd	Austurríki	69	56	41	83	59	78	50	59	27	45	65	---	55	69	57
	Ástralía	71	58	35	80	62	78	59	64	32	56	84	---	45	66	49
	Bandaríkin	60	47	28	71	56	70	39	69	38	46	84	---	45	74	43
	Belgía	65	62	49	81	67	68	50	56	30	49	76	---	63	69	42
	Bretland	69	57	36	76	59	75	69	61	40	49	79	---	52	77	57
	Danmörk	66	48	38	80	57	64	47	63	29	43	75	---	59	73	53
	Finnland	74	71	49	87	71	72	47	66	48	47	85	---	58	72	53
	Frakkland	64	62	45	82	60	71	44	44	23	43	72	---	64	69	33
	Grikkland	---	46	30	68	48	58	35	52	25	40	79	---	61	66	47
	Holland	70	64	45	84	67	63	48	61	41	55	89	---	59	75	55
	Írland	67	47	37	72	61	76	59	60	38	55	81	---	60	79	48
	Ísland	63	45	28	70	58	72	43	59	34	51	76	---	55	61	45
	Ítalía	60	42	42	79	---	70	39	58	19	33	75	---	52	64	42
	Japan	77	53	49	79	58	86	44	39	41	54	85	---	42	71	55
	Kanada	66	53	37	80	62	77	56	70	41	50	86	---	52	72	58
	Kórea	73	44	37	85	55	72	42	30	38	58	91	---	60	72	48
	Lúxemburg	54	43	24	72	50	65	34	42	21	32	65	---	41	56	37
	Mexíkó	---	31	18	49	34	47	24	33	13	34	51	---	38	54	41
	Noregur	66	58	34	72	58	69	38	59	34	49	84	---	65	70	42
	Nýja Sjáland	67	61	36	78	59	73	52	61	36	55	84	---	50	77	53
	Portúgal	55	32	24	78	48	70	31	50	36	33	64	---	44	63	28
	Pólland	62	47	37	73	52	65	43	41	24	34	71	---	58	64	37
	Spánn	58	33	44	82	55	75	48	51	26	38	77	---	56	77	53
	Sviss	65	59	34	78	59	76	43	57	29	45	71	---	50	62	52
	Svíþjóð	69	59	46	82	58	68	54	64	44	47	82	---	68	65	28
	Tékkland	68	57	43	80	59	71	32	41	26	48	79	---	47	58	36
	Ungverjaland	54	49	43	85	50	72	38	52	21	37	77	---	51	65	35
	Þýskaland	63	52	32	80	58	72	52	54	26	42	72	---	50	64	49
OECD meðaltal		65	50	37	77	56	70	44	53	31	45	76	---	53	67	45
Utan OECD	Brasilía	29	11	21	63	39	57	20	41	22	30	52	---	30	52	34
	Lettland	57	35	26	68	49	52	29	38	21	33	68	---	31	50	31
	Liechtenstein	63	62	28	79	57	75	16	51	---	41	67	---	50	64	53
	Rússland	58	45	33	59	44	46	25	40	14	34	64	---	40	56	32

Tafla 1.B. Hlutfall réttra svara eftir löndum í PISA 2000

TEXTI:		R088: Vinnuafli					R099: Plan internat.				R100: Lögregla				R110: Íþróttaskór			
SPURNINGAR:		Sp 1	Sp 3	Sp 4	Sp 5	Sp 7	Sp 2	Sp 3	Sp 4A	Sp 4B	Sp 4	Sp 5	Sp 6	Sp 7	Sp 1	Sp 4	Sp 5	Sp 6
		%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
OECD lönd	Austurríki	75	49	42	70	65	---	---	---	9	59	58	85	78	83	83	70	74
	Ástralía	63	56	42	73	74	---	---	---	8	62	68	79	82	88	81	83	81
	Bandaríkin	65	48	40	67	74	---	---	---	6	57	69	84	79	77	74	78	77
	Belgía	70	58	43	78	72	---	---	---	12	70	67	88	87	90	82	82	81
	Bretland	62	52	39	76	68	---	---	---	9	52	64	73	82	83	83	76	79
	Danmörk	56	48	38	60	45	---	---	---	11	54	48	80	76	85	81	64	77
	Finnland	71	61	49	81	61	---	---	---	14	75	69	83	87	91	89	80	74
	Frakkland	56	58	50	76	71	---	---	---	6	66	66	83	86	85	82	87	84
	Grikkland	53	33	28	68	49	---	---	---	17	58	51	82	70	81	76	80	72
	Holland	69	64	40	87	66	---	---	---	10	71	---	93	84	92	60	88	80
	Írland	59	50	42	74	70	---	---	---	14	50	64	77	85	91	84	74	80
	Ísland	57	50	39	66	55	---	---	---	9	67	60	80	82	87	84	70	81
	Ítalía	66	39	35	76	67	---	---	---	11	72	60	88	77	87	85	86	84
	Japan	72	53	43	80	65	---	---	---	11	77	69	50	82	86	85	73	77
	Kanada	65	55	44	76	77	---	---	---	9	61	72	87	84	87	85	87	82
	Kórea	78	26	33	67	51	---	---	---	21	66	56	86	82	85	76	89	77
	Lúxemburg	50	35	28	56	50	---	---	---	3	57	54	74	73	77	72	45	69
	Mexíkó	35	17	22	40	49	---	---	---	14	39	39	78	70	71	60	75	71
	Noregur	50	39	40	56	52	---	---	---	13	60	59	83	82	83	82	77	82
	Nýja Sjáland	63	56	43	74	75	---	---	---	7	60	70	83	83	88	82	79	79
	Portúgal	62	41	34	61	55	---	---	---	8	55	47	82	80	78	65	70	83
	Pólland	75	39	38	66	58	---	---	---	---	53	47	69	75	82	77	84	75
	Spánn	70	42	39	70	70	---	---	---	15	70	50	89	88	88	82	81	85
	Sviss	60	46	42	63	64	---	---	---	10	57	59	80	77	85	78	64	76
	Svíþjóð	52	39	47	74	55	---	---	---	10	73	62	85	86	91	71	79	78
	Tékkland	75	57	45	76	66	---	---	---	11	57	64	82	81	89	78	76	82
	Ungverjaland	77	55	42	72	67	---	---	---	8	69	54	85	87	86	75	75	71
	Þýskaland	61	46	35	64	57	---	---	---	8	63	59	78	81	78	77	63	70
OECD meðaltal		63	46	39	69	62	---	---	---	11	61	58	80	81	84	79	76	78
Utan OECD	Brasíla	37	31	27	36	32	---	---	---	9	37	38	68	67	78	66	55	69
	Lettland	59	35	35	63	41	---	---	---	13	54	27	73	75	78	70	77	67
	Liechtenstein	65	40	31	63	58	---	---	---	8	53	46	85	73	90	67	63	78
	Rússland	61	36	29	60	44	---	---	---	9	59	36	73	82	77	75	83	66

Tafla 1.C. Hlutfall réttra svara eftir löndum í PISA 2000

TEXTI:		R119: Gjöfin							R216: Amanda og hert.					R234: Sta.		R236: N.r.	
SPURNINGAR:		Sp 1 %	Sp 4 %	Sp 5 %	Sp 6 %	Sp 7 %	Sp 8 %	Sp 9 %	Sp 1 %	Sp 2 %	Sp 3 %	Sp 4 %	Sp 6 %	Sp 1 %	Sp 2 %	Sp 1 %	Sp 2 %
OECD lönd	Austurríki	69	35	40	83	41	66	65	79	49	46	41	73	79	16	44	23
	Ástralía	78	44	47	88	51	56	70	71	49	50	38	70	95	30	53	27
	Bandaríkin	78	36	45	85	50	58	65	66	49	44	28	61	92	26	41	22
	Belgía	77	45	29	88	40	57	63	75	58	52	42	69	85	36	44	26
	Bretland	74	44	48	85	57	55	69	71	50	55	40	67	93	27	54	20
	Danmörk	77	44	37	81	46	60	68	67	53	39	33	66	88	26	52	27
	Finnland	80	52	44	94	49	51	79	76	36	54	59	74	94	49	56	28
	Frakkland	73	51	26	88	32	56	65	79	60	59	42	74	81	23	49	36
	Grikkland	48	33	32	80	38	52	60	71	36	32	17	68	74	34	45	35
	Holland	83	35	33	92	44	64	71	76	69	47	45	69	96	45	50	31
	Írland	81	49	43	87	51	61	75	82	38	52	41	76	92	35	58	33
	Ísland	73	33	40	80	50	54	69	71	41	42	25	64	85	27	---	31
	Ítalía	69	42	28	85	37	56	58	77	34	39	45	66	85	39	30	32
	Japan	81	51	34	84	43	43	65	83	62	64	58	76	89	67	63	24
	Kanada	79	46	51	87	55	66	73	72	51	56	37	71	92	26	55	30
	Kórea	89	28	38	82	35	77	76	84	---	68	43	83	95	57	58	37
	Lúxemburg	63	37	25	78	35	53	48	65	36	24	24	59	68	15	31	10
	Mexíkó	56	25	26	83	26	45	35	66	19	20	25	47	72	42	36	20
	Noregur	79	44	42	82	49	56	67	72	52	38	38	68	91	23	36	23
	Nýja Sjáland	83	50	47	89	56	57	72	73	55	54	40	66	94	31	58	25
	Portúgal	72	42	32	88	43	66	57	70	24	32	26	57	79	22	33	14
	Pólland	69	30	28	89	35	63	52	72	28	39	32	57	84	32	56	25
	Spánn	67	41	36	87	44	49	60	75	48	38	34	63	88	23	48	24
	Sviss	68	35	31	81	35	54	59	73	46	39	33	68	84	33	49	15
	Svíþjóð	82	61	41	86	44	46	70	76	50	36	40	72	90	26	46	21
	Tékkland	84	24	39	90	42	70	65	79	39	41	45	69	74	26	61	25
	Ungverjaland	67	---	37	87	35	42	69	75	43	45	34	67	88	29	44	24
	Þýskaland	67	42	34	83	41	58	60	70	49	37	32	64	73	24	46	22
OECD meðaltal		73	40	37	85	43	57	64	74	44	44	37	67	85	32	48	26
Utan OECD	Brasilía	62	23	24	81	23	49	36	58	5	12	11	47	71	21	32	12
	Lettland	73	27	37	87	39	---	57	70	36	32	35	61	76	44	44	33
	Liechtenstein	60	32	22	84	29	44	47	61	29	22	32	49	82	33	56	8
	Rússland	68	26	43	87	56	75	60	63	34	42	40	62	81	40	25	28